

RAGNAR JÓNASSON

Á spíttbát,  
sportbíl og Benz

Bilar Tíská Ferðir

allt í MIÐJU BLAÐSINS



SÆUNN PÁLSDÓTTIR

Býr á bernskuslóðum

Sérlað um hús og heimili

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HELGI BJÖRNSSON

Geymir Hitlers-  
stúkuna í gámi

Tók lagið á opnunarhátið Admiralspalast

FÓLK 58



# FRÉTTABLAÐID

FRÍTT

26. ágúst 2006 — 228. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAD Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

### Keppir í ólympískum hnefaleikum

Arndís Birta Sigursteinsdóttir heldur til Póllands í næstu viku og keppir fyrst íslenskra kvenna á alþjóðlegu hnefaleika-móti. Hún segir íþróttina reyna á hverja einstu taug í líkamanum.



TÍMATÓT 24

### Plútó og reikistjörnur

„Lengst af hefur áhugi manna á Plútó verið líttill en þó er merkilegt að hann hefur aldrei verið meiri en einmitt núna, þegar hnötturinn hefur misst stöðu sína,“ segir Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16

### Purfti að læra að vera prímadonna

Halla Margrét Árnadóttir óperusöng-kona er stödd á Íslandi. Hún hefur unnið við óperusöng í átta ár á Ítalíu og hefur opnað kaffihús í Parma sem heitir Lundakaffi.


VÍDTAL 26

### Ætlum að standa okkur

Ásthildur Helgadóttir vill gera betur gegn Svíum í dag eftir slæmt tap íslenska kvennalands-liðsins gegn Tékkum um síðustu helgi. Leikið verður á Laugardalsvelli en leikurinn er liður í undankeppni HM 2007.

ÍÞRÓTTIR 52

### VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA SYÐRA í dag verður yfirleitt hæk austlaeg átt. Rigning eða skúrir sunnan til í dag og austan til í kvöld. Skýjað með köflum á landinu norðanverðu. Hiti 10-16 stig, hlýjast norðvestan til.

VEDUR 4

KB BANKI

NÝTT ÍSLENSKT  
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!  
Í KVÖLD KL. 20:05



GOTT FOLK McCANN



SLÖKKVILIÐSMENN VIÐ STÖRF Töluluverður eldur logaði í eiturefnageymslu Sorpu í Gufunesi þegar slökkvilið kom á vettvang í gær. Mikill reykur var inni í eiturefnagymslunni þegar reykkafarar fóru inn í húsið vitandi um eiturefni og sprengihættu.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

## Eiturefnamóttaka í ljósum logum

Eldur braust út í eiturefnamóttöku Sorpu í Gufunesi í gær. Sprengingar urðu í húsinu og allt tiltækt slökkvilið var kallað út. Reykkafarar á staðnum segja mikla óvissu fylgja því að fara inn í eld við aðstæður eins og sköpuðust í gær.

**BRUNI**, „Því fylgir mikil óvissa að fara inn í eld við þessar aðstæður. Maður veit ekkert hvað er barna inni. Þarna geta verið allskonar efni og von á sprengingum svo þetta er örðruvísni tilfinning en að fara inn í venjulegt hús. Það var mjög óhuganlegt að fara inn í húsið,“ sagði Gunnar Rúnar Ólafsson reykkaafari, nýkominn út úr eiturefnamóttöku Sorpu í Gufunesi sem varð eldi að bráð í gær. Áður en slökkvilið kom á staðinn varð sprenging í húsinu sem var nægilega kraftmikil til að stóri móttókuhrð fór af hjörnum og lenti út á vinnusvæðið fyrir framan húsið.

Allt tiltækt slökkvilið á höfuð-

borgarsvæðinu var kallað út á sjötta tímanum eftir að sprengingar heyrðust í eiturefnamótökunni. Jón Viðar Matthiasson slökkviliðsstjóristjórnadíngerðum á staðnum.

„Eldur eins og þessi setur okkur alltaf í ákveðna viðbragðsstöðu. Við hringdum út stóra úthringingu sem þýdir að við köllum út allan okkar mannskap og einnig þá sem eru á frívakt. Við settum af stað okkar stærsta viðbúnað hér í kvöld.“

Mikill viðbúnaður var við Efnamóttökuna meðan á aðgerðum stóð. Fimmtán til tuttugu bílar frá lögreglu og slökkviliði, þar af fimm sjúkrabílar voru til

reiðu þar til slökkvistarfi lauk um klukkan hálf átta í gærkvöldi. Jón Viðar segir að tíu reykkafarar hafi verið við störf og sérstakur viðbúnaður hafi verið viðhafður vegna eiturefnanna. „Okkar mannskapur er í eiturefnagöllum utan yfir eldgallana því parna inni eru margskonar eiturefni sem við vitum ekki hver eru þegar við komum á staðinn. Við göngum því til verka viðbúnir því að hvaða efni sem er séu inni í eldinum.“

Einar B. Gunnlaugsson, verkstjóri Efnamóttökunnar hf., segir gasleka líklega hafa valdið sprengingunni og eldinum.

- shá

Glæpahringur peningafalsara upprættur í Litháen:

## Falsaðir evruseðlar í umferð

**LÖGREGLUMÁL** Löggreglan hefur fengið til meðferðar mál vegna falsaðra evruseðla hér á landi. Nýlega var fölsuðum evruseðli framvísað í verslun í Smáralind, að sögn Smára Sigurðssonar hjá alþjóðadeild Ríkislögglustjóra. Þá varði löggreglan í Reykjavík fyrir skómmu við útlendingi sem reyndi að koma fölsuðum evrum í umferð. Hefur löggreglan í fórum sínum falsaðan seðil sem talinn er koma frá honum.

Fyrir í þessum mánuði upprætti löggreglan í Litháen glæpamannagengi sem hafði í fórum sínum tvö búsum falsaða 100 evru seðla. Í



EVURU Tvö tilfelli hafa nýlega komið upp hér á landi þar sem reynt var að koma fölsuðum evruseðlum í umferð.

fréttatilkynningu sem Europol hefur sent frá sér segir meðal annars að búast megi við handtökum peningafalsara víðs vegar í Evrópu þar sem rannsóknin í Litháen hafi leitt löggreglufyrvöldi á slöðir annarra falsarrahópa í öðrum löndum. Smári sagði engan sérstakan grun um að afurðir þessarar glæpastarfsemi hafi teygjist sig hingað til lands. Í Smáralindi hafi verið um að ræða spánska ferðamenn sem keyptu fyrir nokkrá evruseðla og hafi einn þeirra reynst falsaður. Löggreglan hafi rætt við fólkid en það farið frjálst ferða sinna að því búnu.

- jss



TF-LÍF Mannbjörg varð þegar bátur fórst á Breiðafirði í gærkvöldi. Áhöfnin var flutt til Reykjavíkur með þyrlu Landhelgisgæslunnar. Myndin er úr safni.

Báтур sökk á Breiðafirði:  
**Prír sjómenn  
björguðust**

**SIÓSLYS** Mannbjörg varð þegar 30 tonna bátur, Sigurvin GK sem gerður er út frá Grindavík, sökk um fjörtán sjómlur norður af Snæfellsnesi í gærkvöldi. Mönnunum var bjargð um bord í báttinn Svölnuna frá Rifi sem fyrst kom á vettvang. Þeir voru síðan hífðir um bord í TF-Lif, þyrlu Landhelgisgæslunnar, og flutti til Reykjavíkur.

Merki frá neyðarsendi bátsins barst um klukkan niður og var hann þá staddir um fjörtán sjómlur norður af Snæfellsnesi. Einnig hafði sést til neyðarblyss sem skotið var upp frá bátnum. Ekkert var vitað um orsakir þess að báturinn sökk þegar blaðið fór í prentun.

- shá



**SPURNING DAGSINS?**

Helgi, má ríða í endurhæfingarstöðinni?

Það verður bara hott hott en ekkert do do.

Helgi Leifur Sigmarsson opnar innan skamms þjálfunar- og endurhæfingarstöð fyrir hesta og hunda í Viðidal.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Formaður VG.

VG ályktar um iðnaðarráðherra:

**Geri hreint fyrir sínum dyrum**

**STJÓRNMÁL** Vinstri hreyfingin - grænt framboð krefst bess að bæði fyrverandi og númerandi iðnaðarráðherra geri hreint fyrir sínum dyrum hvað varðar meðferðina á greinargerð Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings um Kárahnjúkavirkjun.

Í yfirlýsingu þingflokk VG segir að fyrir liggi að greinargerðinni hafi verið leyt fyrir alþingismönnum. „Ekki verður annað séð en stjórvöld hafi þannig vísvitandi leynt Alþingi mikilvægum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir við Kárahnjúka,“ segir á ályktuninni. Er bess jafnframt krafist að þing verði kallað saman ef með þarf.

- bps

Pörf á fjölbreyttari úrræðum:

**Enginn kom frá ráðuneytinu**

**RÁÐSTEFNA** Enginn geðlæknir var skráður á nýafstaðna ráðstefnu um geðheilbrigðismál sem Hugarafli stóð fyrir.

Í umræðum sem fram fóru í lok ráðstefnunnar Byting í bata var rætt um að færa þjónustu við geðsjúka að hluta til á heilsugæslustöðvarnar.

Birgin Páll Hjartarson, einn af forsvarsmönnum ráðstefnunnar, segir það ósk geðsjúkra að komið verði á fót fjölbreyttari meðferðarúrræðum fyrir þá en til þess þurfi fjármagn. „Reynt var að fá aðila frá heilbrigðisráðuneytinu til að taka þátt í þessari umræðu en án árangurs.“

- hs

Forsætisráðherra sér ekki ástæðu til að kalla þing saman vegna Kárahnjúkaskýrslu:

**Geir treystir Landsvirkjun**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra telur ekki tilefni til að Alþingi komi saman til að ræða um greinargerð Gríms Björnssonar, jarðeðlisfræðings um Kárahnjúkavirkjun.

„Þingið kemur saman annan október, eins og lög gera ráð fyrir, og ég sé enga ástæðu til að það gerist neitt fyrr,“ sagði Geir í gær.

Geir telur ástæðulaust að fólk hafi áhyggjur af að Kárahnjúkavirkjun sé ekki örugg. „Ég treysti fullkomlega því sem fram er komið af hálfu Landsvirkjunar og Orkustofnunar um þessi mál og tel að það sé ekki ástæða til annars

en að taka það sem þetta fólk hefur sagt fyllilega alvarlega.“ Geir telur fráleitt að gera því skóna að upplýsingum hafi vísvitandi verið heldið leyndum en segir iðnaðarráðherra fara yfir málið og afla allra upplýsinga sem tiltækjar eru. Þá telur hann ekki ástæðu til að breyta áformum um fyllingu Háslóns. Brugðist hafi verið við ábendingum og ráðist í kostnaðarsamar framkvæmdir til að tryggja öryggi mannvirkisins enn betur en áður hafi verið ákveðið.

Geir tók fram að hann hefði ekki lesið skýrslu Gríms Björnssonar og gæti því ekki svarað því hvort rétt hefði verið að ræða efni



FORSÆTISRÁÐHERRA Á KÁRAHNJÚKUM

Geir H. Haarde telur ástæðulaust að fólk hafi áhyggjur af því að Kárahnjúkavirkjun sé ekki örugg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

hennar á þingi en það var þar til umfjöllunar árið 2002.

- bps

EKKI TILBÚNIR Í SAMKEPPNI:

**Óttast um starfsgrein sína**

**LANDBÚNADARMÁL** Bændur óttast um starfsgrein sína eftir tollar verða afnumdir á innflutum landbúnaðarárafurðum og eru ekki tilbúnir til að takast á við hugsanlega samkeppni, að sögn Pórarin G. Sverrissonar, formanns stéttarfélagsins Öldunnar á Sauðárkrúki.

Pórarin hefur, ásamt sautján öðrum starfsmönnum Starfsgreinafélags Íslands, skrifat undir yfirlýsingi þess efnis að ASÍ móti sameiginlega stefnu aðildarfélaga um íslenskan landbúnað. Pórarin segir ekki öruggt að lækken tolla skili sér til neytenda en samkvæmt ASÍ myndi niðurfelling tolla á búvorum lækka matvælaverð um sextán prósent. - hs

**Iðnaðarnefnd ræðir athugasemdir Gríms**

Iðnaðarnefnd hefur verið kölluð saman til þess að ræða athugasemdir Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings vegna Kárahnjúkavirkjunar. Hugsanlega hefði verið eðlilegt að fjalla um athugasemdirnar, að sögn iðnaðarráðherra.



FRÁ KÁRAHNJÚKUM Grímur Björnsson gerði athugasemdir við stíflustæðið við Kárahnjúka vegna virkra jarðsprunga sem hann taldi að væru undir stíflustæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GRÍMUR BJÖRNSSON Gerði miklar athugasemdir við stíflustæði Kárahnjúkavirkjunar sem þingmenn fengu ekki að sjá.

FRÉTTABLAÐIÐ/GRÍMUR

Landsvirkjun brást skjótt við þessum upplýsingum og kallaði til helstu sérfræðinga til þess að fara yfir bessi mál með okkur Grími. Eftir þann fund fannst okkur ekker standa eftir sem þurfti að hafa áhyggjur af, utan eitt atriði sem var landslig í lóninu. Við því var brugðist með því að láta Freystein Sigmundsson gera á því athugun.“

EKKI NÁÐIST Í VALGERÐI Sverrisdóttur utanríkisráðherra en hún var iðnaðar- og viðskiptaráðherra þegar athugasemdir Gríms bárust til iðnaðarráðuneytisins. Hún var ásamt aðstoðarmanni sínum, Sigfúsi Inga Sigfússyni, stödd í Norðeig á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

magnush@frettabladid.is



BÖRN Á FLÓTTA Þessi börn voru meðal 175 flóttamanna sem taflenska lögreglan handtök á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norður-Kóreumenn á flóttu:

**Flóttamenn í haldi í Taílandi**

**TAÍLAND, AP** Taflenska lögreglan handtök á þriðjudag 175 norðurkóreyska flóttamenn sem komið höfðu ólöglega til Taílands. Fólkini verður þó ekki gert að snúa aftur heim, en enn er óljóst hvort það fái að vera áfram í Taílandi.

Nágranni tilkynnti lögreglu um flóttafólk, 37 karlmenn, 128 konur og túr börn sem voru í felum í húsi í úthverfi höfuðborgarinnar Bangkok.

Fólkioð hefur verið ákært fyrir að koma ólöglega inn í landið.

Fremur algengt er að Norðurkóreumenn sem flýja land fari til Taílands og annarra landa í Suðaustur-Asíu, en þetta er stærsti hópur flóttamanna sem handtekin hefur verið í Taílandi.

- smk

**AUSTURRÍKI**

**KENNSLORINN Á STÚLKUNA** DNA prófhafa sannað að stúlkum sem fannst fyr í þessari viku í Austurríki er Natascha Kampusch, stúla sem hvarf fyrir áttá árum síðan, þá tíu ára gömul. Maðurinn sem grunaður er um að hafa haft hana í haldi fyrirfóð sér örfaum klukkustundum eftir að lögregla skarst í málíð.

**DANMÖRK**

**FJÓR Á KÆRÐIR** Fjórir ungir menn hafa verið ákærðir í Kaupmannahöfn vegna samsæris um að fremja hryðjuverk á ótilgreindum stað í Evrópu. Mennir eru að aldrinum sautjára ára til tvítugs og allir móslimar.



Fyrstu 1000 pöntunum í dag fylgja ókeypis kjúklingavængir



Afleiðingar átakanna á Sri Lanka:

**Margir hafa misst heimili sí**

Í FLÓTTAMANNABÚÐUM Kona gengur um með dýnuna sína undir hendinni í þessum flóttamannabúðum fyrir móslima nálægt Kólombó. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Til átaka kom einnig í austurhluta landsins þegar Tamlatígrar skutu að lögreglumönnum. Fimm Tíigrar léttust og einn lögreglumaður særðist, að sögn stjórnarhersar, Kólombó.

- kpk



Allar  
pottaplöntur  
á útsölu.

**50%**  
afsláttur



**Soldis**  
Silkitré & silkiblóm

25% af öllu  
Valdar vörur  
á 50% afsl.

# útsala



Orkideur  
ný sending  
**1199**



Garðplöntu-  
sölunni  
**lýkur**

Allar garðplöntur  
á rýmingarsölu **70% afsl.**



Afskorin  
blóm  
**30% afsl.**

**blómaual**  
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri  
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.8.2006

## KAUP SALA

Bandaríkjadalur	69,91	70,25
Sterlingspund	132,16	132,80
Evra	89,26	89,76
Dönsk króna	11,962	12,032
Norsk króna	11,006	11,126
Sænskróna	9,682	9,738
Japansk jen	0,5963	0,5997

## SDR

103,65 104,27

Gengisvíðitala krónunnar

123,3903

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



FERÐALÖG Eftirlit með rekstri ferðaskrifstofa verður aukið.

Fleiri ferðaskrifstofur:

## Lögbundið eftirlit aukið

**FERÐAMÁL** 131 fyrirtæki hefur sótt um leyfi til að reka ferðaskrifstofur en það er Ferðamálastofa sem veitir leyfin. 107 umsóknir hafa fengið jákvæða afgreiðslu og 81 leyfi hefur verið gefið út.

Ferðamálastofa hefur á undanförmun mánuðum haft samband við aðila sem stunda rekstur sem gæti verið leyfisskyldur og í kjölfar þess hafa ýmsir þessara aðila sótt um leyfi fyrir rekstri.

Í framhaldinu mun Ferðamálastofa leggja meiri áherslu á lögbundið eftirlit með rekstri ferðaskrifstofa til að tryggja að rekstur þeirra sé eingöngu í höndum aðila með tilskilin leyfi.

- hs

Starfsmenn Varnarliðsins:

## Helmingur til annarra starfa

**SUDURNES** Um helmingur starfsmanna Varnarliðsins, sem búsettur eru á Suðurnesjum, hefur fengið starf annars staðar nú þegar sjóvikur eru til loka uppsagnarfrests. 427 starfsmenn, búsettar á Suðurnesjum, voru starfandi hjá Varnarliðinu í mars og þar af hafa 217 manns farið til annarra starfa. „Í rauninni er nóg framboð af störfum,“ segir Helga Jóhanna Oddsdóttir sem veitir Ráðgjafarstofu fyrir starfsmenn varnarliðsins forstöðu. Stofunni van komið á legg að tilstuðlan Reykjanesbæjar og starfsgreinafélaga á svæðinu í lok mars þegar starfsmenn Varnarliðsins fengu uppsagnarbréf.

- rsg



HLYNUR SIGURÐARSON



FIMM Á FLÓTTA Samkvæmt upplýsingum alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra eru fimm Íslendingar eftirlýstir af Interpol.

reynslu af fangavist í Brasilíu, en hann hefur dúsad í fangelsi í bænum Porto Seguro frá því að hann var handtekkinn fyrir að reyna að smygla tveimur kílóum af kókaíni úr landi fyrir þremur mánuðum. Þar hefur verið reynt að myrða hann margssinnis, hann gengur um með tálgaðan tannbursta og hefur stungið samfanga sinn í sjálfsvörn.

Utanríkisráðuneytið hefur aðstoðað Hlyn, og annan Íslending sem handtekkinn var í Brasilíu með 12 kíló af hassi í fórum sínum á dögum, við að útvega peim

lögfræðiaðstoð. Að sögn Péturs Ásgeirssonar, skrifstofustjóra ráðuneytisins, hefur mál Hlynss ekki verið tekið til skoðunar að öðru leyti. „Við erum ekker að velta þessu fyrir okkur.“ Dómur hefur ekki fallið í málinu og því er það ekki á því stigi að það sé til umræðu hjá okkur.“ Pétur segir að ef ráðuneytið eigi að beita sér fyrir því að Íslendingur afpláni dóm á Íslandi sem hann hlýtur erlendri þá þurfi ráðuneytinu að berast undirrituð beiðni um það frá viðkomandi sakamanni.

stigur@frettabladid.is



Sigrún Ó. Ragnarsson, veðurfræðingur

## NORDANÁTTIR NÆSTU DAGA


Á morgun snýr vindur smáman saman til norðanáttar og þá léttir til suðvestan til. Norðanáttin verður stíflit á Vestfjörðum og vestan til en hægri annars staðar. Á morgun verður þokkalega milt á landinu en á mánudaginn fer kólnandi einkum norðan til. Síðan um miðja vikuna má fara að búast við vægu nætu - frosti á hálandinu og á fjalla. Það er því viss haustrbragur á kortunum þó enn sé bið i haustið.

## VEDURHORFUR Í BORGINNÍ Í DAG

Hæg austlæg átt. Rigning eða skúrir, Hiti 11-15 stig.

## VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	23°C hálfskýjað	London	21°C rigning
Billund	21°C léttskýjað	Paris	20°C skúrir
Oslo	18°C hálfskýjað	Frankfurt	19°C skúrir
Stokkhólur	21°C skúrir	Friedrichshafen	18°C rigning
Gautaborg	20°C léttskýjað	Berlin	20°C rigning

Trygging vegna fasteignagalla:

## Aukið öryggi með söluvernd

**IBÚDAMÁL** Söluvernd er ný trygging sem Vátryggingafélag Íslands er að setja á markað. Hún bætir almennt fjártjón seljanda fasteignar vegna skaðabótakrafna sem fram kunna að koma af hálfu kaupanda vegna galla á fasteigninni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Vátryggingafélaginu.

Par segir einnig að söluvernd hafi reynst vel víða erlendis og full þörf sé fyrir tryggingu af þessu tagi hér á landi. Fyrispurnum og málarekstri vegna gallamála fari stöðugt fjölgandi. Seljendur fúðarhúsnaðar munu geta gengið frá tryggingunni um leið og þeir setja eign sína á sölu.

- sþs

Verðlagseftirlit ASÍ gerði könnun á ársiðgjaldi fyrir bílatryggingu:

## Lægsta tilboðið hjá Elísabetu


krónur, eða um fimmtíu og sex prósent.

Pór Sigfusson, forstjóri Sjóvár, segir að ekki sé um marktækan samanburð að ræða þar sem ekki sé tekið tillit til þeirra afsláttar sem langflestir viðskiptavinir Sjóvár fái. Slíkur afsláttur fáist ekki hjá öllum félögum.

Jón Pál Leifsson, rekstrarstjóri Elísabetar, segir niðurstöðuna í takt við eigin athuganir. „Við stefndum að því að vera ódýrastir og það hefur tekist,“ segir hann.

**KÖNNUN Á BÍLATRYGGINGUM** ASÍ óskaði eftir tilboðum í bílatryggingu. Lægsta tilboðið kom frá Elísabet en það hæsta frá Sjóvá.

## VERÐKÖNNUN Á BÍLATRYGGINGUM Í ÁGÚST 2006



Sonur forsætisráðherrans:

## Euan Blair á sjúkrahúsi

**LUNDÚNIR, AP** Euan Blair, elsti sonur Tónys Blair, forsætisráðherra Bretlands, var lagður inn á sjúkrahús vegna kvilla í maga í gær. Euan var í sumarfrí þegar hann veiktist, staddur að eynni Barbados í Karíbahafi ásamt fjölskyldu sinni.

Euan Blair hefur lagt stund á fornaldarsögu og ætlað að hefja nám við Yaleháskólan í haust. Hann komst í kastljósið árið 2000 þegar hann var sextán vetrar gamall, en þá hirti lögreglan hann upp dauðadrakkinum í miðborg Lundúnaborgar. Euan Blair er eitt fjögurra barna forsætisráðherrans.

- kþp

Afkoma Gildis og LV:  
Um fimmungs nafnávöxtun

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV), sem er næststærsti lífeyrissjóðurinn, og Gildi, sá priðji stærsti, skiluðu um tuttugu þróesta nafnávöxtun á fyrri hluta ársins. Ávöxtun LV var þó heldur hærri.

Eignir LV hækkuðu um 26 milljarða króna á fyrri hluta ársins og stóðu í 217 milljörðum í lok júní. Raunávöxtun nam 10,4 prósent á ársgrundvelli. Hækkuð á erlendri verðbréfageign einkenndi tímabilid.

Eignir Gildis hækkuðu um 17,2 milljarða króna á tímabilinu og voru 198,5 milljarðar króna um mitt ár. Raunávöxtun á fyrri hluta árs nam 6,7 prósentum en ávöxtun var ágæt af erlendri verðbréfageign og skuldabréfum sjóðsins. Innlend hlutabréf lækkuðu hins vegar lítil háttar.

- eþa



FIMM Á FLÓTTA Samkvæmt upplýsingum alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra eru fimm Íslendingar eftirlýstir af Interpol.

íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!

\* Vindhraði er í metrum á sekundu.

» á morgun



» mánudagur



5-13 m/s hvassast norðvestan til.

Kaupmannahöfn	23°C hálfskýjað	London	21°C rigning
Billund	21°C léttskýjað	Paris	20°C skúrir
Oslo	18°C hálfskýjað	Frankfurt	19°C skúrir
Stokkhólur	21°C skúrir	Friedrichshafen	18°C rigning
Gautaborg	20°C léttskýjað	Berlin	20°C rigning

Alicante	31°C hálfskýjað
Mallorca	28°C hálfskýjað
Algarve	29°C heiðskirt
Krit	32°C heiðskirt
Las Palmas	28°C hálfskýjað



[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



VERÐ ÁÐUR: 1.490,-

**990,-**

„FREYJA“ SÆNG

Létt og þægileg säng með 700g polyester íberfyllingu. Áklæði polyester og bómull. St. 140x200 sm.

U.P.B.  
30%  
AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 1.990,-

**1.490,-**

„MASCOT“ THERMOSÆNG

Góð thermosæng, stærð 140x200 sm. Sængin er fyllt með polyester holtrefjum. Komdu og gerðu góð kaup á finni säng!

U.P.B.  
25%  
AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 3.990,-

**2.990,-**

„SENSUS“ HEILSKODDI

Frábær koddi sem tryggir réltu stöðu hálsins og axlanna. Þyngd 700g st. 45x32 sm. Polir þvott 40°C.

U.P.B.  
25%  
AFSLÁTTUR

# FRÁBÆR TILBOD!

FULLAR BÚDIR AF FRÁBÆRUM VÖRUM !

U.P.B.  
30%  
AFSLÁTTUR



VERÐ ÁÐUR: 9.990,-

**7.990,-**

„KRISTINA“ TÖLVUBORD

Tölvuborð með 5 hillum og 1 skúffu á málmbrautum og hillu fyrir 20 geisladiska. Framleitt í fallegu beykiliðuð melamín. St. 141x141x60 sm.

„GOOD NIGHT SLEEP“ DÝNUR

Virkilega góðar og vandaðar dýnur. Stærð 153x203 sm. 415 LFK „Never Turn“ gormar.

Komdu og skoðaðu þessa dýnu á hreint ótrúlegu verði!



VERÐ ÁÐUR: 59.900,-

**49.900,-**

Gildistimi tilboða: 26.08.06 - 31.08.06



VERÐ ÁÐUR: 59.900,-

**39.900,-**

„MADRID“ OG „SEVILLA“ GLERSKÁPAR


Flottir skápar með gleri, spegli og fjórum glerhillum. Tveir litir fáanlegir, kirsüberja og brún. St. B:50 x H:204 x D:40 sm

U.P.B.  
20%  
AFSLÁTTUR



VERÐ FRÁ:

**890,-**



Natura 60 x 110 sm.	1.290,-
Natura 80 x 150 sm.	2.490,-
Natura 120 x 170 sm.	3.990,-
Natura 170 x 230 sm.	6.990,-



## KJÖRKASSINN

Vilt þú mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar?

já	62,5%
nei	37,5%

### SPURNING DAGSINS Í DAG?

Á að herða refsingar í fíkniefnabrotum?

segðu þvína skoðun á visir.is

visir

Abraham Shwaiki ósáttur:

## Lofað hótelvist en var svikinn

**RÉTTINDI** Abraham Shwaiki, sem vísað var frá Ísrael í fyrradag, lenti á Íslandi á þriðjudag.

Abraham segir að við komuna til Ísrael hafi löggregla tekið hann höndum og logið því að þeir ætluðu með hann á hótel. „Svo fóru þeir með mig á lögreglustöð. Ekki beint fimm stjörnu hótel.“ Þegar hann yfirlaf Ísrael var Abraham sagt að hann gæti aldrei komið þangað aftur.

Utanríkisráðuneytið hefur sent fyrirspurn til ísraelskra yfirlafvalda þar sem óskað er eftir lýsingu á málsvatkum og svörum við því hvort Abraham megi snúa aftur til Ísraels. Engin svör höfðu borist þegar blaðið fór í prentun. - sh

Góð laxveiði í Vopnafirði:

## Yfir 2.500 laxar hafa veiðst

**VEIÐI** Góð veiði hefur verið í vopnfirskum ám í sumar og höfðu 1.572 laxar veiðst í Selá og 1.050 í Hofsá í síðustu viku.

Þjárfólk eru síðan veiði höfði í Vesturdalsá, en þar er verið að byggja ána upp að nýju eftir mikla veiði á árum áður og þar er nær öllum fiski sleppt aftur.

Nokkuð hefur orðið vart við örlaxa í íslenskum laxveiðiám í sumar, þar á meðal Vopnafjarðaránum. Á Írlandi og Bretlandseyjum hafa menn vaxandi áhyggjur vegna örlaxa en þar sáust varla smálaxar í eðlilegum holdum í sumar. - hs



JACQUES CHIRAC Frakklandsforseti telur 15.000 friðargæsluliða í Suður-Libanon of marga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chirac um UNIFIL:

## Of margir friðargæsluliðar

**FRAKKLAND, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti lýsti því yfir í gær að 15.000 friðargæsluliðar væru allt of margir fyrir Suður-Libanon, en verið er að setja saman þann her manna samkvæmt samþykkt öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt er 15.000 manna her Líbanons á svæðinu.

Ottast Chirac að svo margir hermenn og friðargæsluliðar gætu flækst hver fyrir öðrum á ekki stærra landssvæði en Suður-Líbanon er. „Eg tel að talan sem sett var fram í byrjun umræðnanna um þetta, 15.000 í efti lið UNIFIL, hafi verið nokkuð rifleg,“ sagði forsetinn.

Frikar tilkynntu á fimmtudag að þeir myndu senda 2.000 hermenn í friðargæsluliðið, en áður höfðu þeir eingöngu lofað 400 mönnum.

- smk

Langflestir eru ánægðir með dagforeldra barna sinna en hefðu viljað meira val:

## Of lítið framboð dagforeldra

**DAGFORELDRAR** Langflestir foreldrar sem eiga börn hjá dagforeldrum eru ánægðir með þjónustu dagforeldrisins, eða yfir 90 prósent. Þetta kemur fram í viðhorfskönnun sem Félagsvísdastofnum gerði í júní meðal á sjötta hundrað foreldra.

Mikill meirihluti var þó þeirrar skoðunar að ekki hefði verið úr nágu mörgum dagforeldrum að velja þegar leitað var að vistun og meira en þriðungur hafði börnin sín í vistun í öðru hverfi en peir bjuggu og stórfuðu sjálfir.

Um helmingur svarenda hefði frekar kosið leikskólavist fyrir barnið sitt en vist hjá dagforeldri,

þar væri kostur á öruggari vistun og skipulagðara starfi. Langflestir beirra sem völdu frekar dagforeldra gerðu það vegna þess að þeim fannst barn sitt of ungt fyrir leikskólanám.

Könnunin var kynnt á fundi menntaráðs Reykjavíkur á þriðjudag. Á þeim fundi voru einnig samþykkar tillögur starfshóps um daggæslu í heimahúsum þar sem áhersla er lögð á það að ráðgjöf og eftirlit með daggæsluforðrum verði áfram aðskilið. - sh

**BÖRN** Flestir foreldrar eru ánægðir með þjónustu dagforeldra, segir í nýri könnun.



Glúmsstaðadalsá:

## Kanna rennsli úr göngunum

**UMHVERFISMÁL** Starfsmenn Náttúrustofu Austurlands vinna nú rannsóku á áhrifum aukins vatnsrennslis úr göngunum við Kárahnjúka á Glúmsstaðadalsá. Mælingar á mengun eiga sér enn stað og er búist við að niðurstaðan liggi fyrir eftir mánuð.

Glúmsstaðadalsá var ekki inni í upprunalegu umhverfismati vegna framkvæmdanna við Kárahnjúka. Á fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands í vor kom fram að meiri aur bærist í ána en fyrirséð hafi verið. Ýmsir erfðaleikar hafi komið upp og ráðstafanir gerðar en þær hafi ekki dugað til.

- ghs



**GLATT Á HJALLA** Geir Haarde forsætisráðherra segir Gary Doer, fylkisstjóra Manitoba, einhverja afar skemmtilega sögu á fundi þeirra í ráðherrabústöðnum á Þingvöllum á fimmtudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR VIGFÚSSON

## Heillaður af Íslandi

Fylkisstjóri Manitobafylkis í Kanada er á Íslandi. Hann segir samskipti Manitoba og Íslands mikilvæg enda margir íbúar Manitoba ættaðir frá Íslandi.

**OPINBER HEIMSÓKN** „Það er ákaflega gaman að eiga í samskiptum við land þar sem er svona mikill uppgangur og hér er uppgangurinn og bjartsýn svo greinileg að maður sér þau á byggingakrónum um alla borg,“ sagði Gary Doer, fylkisstjóri Manitobafylkis í Kanada, í samtal við blaðamann Fréttablaðsins í gær. Doer er staddur hér á landi í opinberri heimsókn í annað sinn á ferli sínum sem fylkisstjóri, en hann kom hingað fyrst fyrir fimm árum.

Opinberum heimsóknum milli Manitoba og Íslands hefur farið fjölgandi undanfarin ár, enda er þar að finna langstærsta hóp fólkis af íslenskum ættum þegar lítið er út fyrir Íslendingstrendur. Það er bví vel viðeigandi að Doer er hér staddur ásamt félaga sínum Eric Stefanson, fyrverandi þingmanni í Kanada, en hann er af íslensku bergi brotinn.

„Samskipti Manitoba við Ísland eru ákaflega mikilvæg, því svo margir Manitoba-búar geta rakið eftir sínar hingað,“ sagði Doer. „En ég er ekki hér bara til að ræða um fortíðina, heldur einnig um framtíðina.“ Hann vonast til þess að heimsóknin leiði til aukinna viðskipta milli landanna, sem og að Kanadamenn og Íslendingar samnýti enn frekar viðskipta milli landanna. Eitt af málunum sem hann er hér staddur til að ræða við Íslendinga um eru strætisvagnar sem ganga fyrir vettin, en líkt og í Reykjavík er verið að prófa slíka strætisvagna í Manitoba.

Þegar er mikið samstarf með þjóðunum og má þar nefna skiptinemaverkfnið Snorra, sem styrkir íslenska og kanadískanámsmenn til náms í hinu landinu.

„Þetta verkefni veitir ungu fólk frá báðum löndum frábært tækifæri til að kynna meiningarheimi hinnar þjóðarinnar, tungumáli og lífsháttum,“ sagði Doer.

„Óg það er vel þess virði að styðja

petta samstarf.“

Doer hitti, auk annarra, forsætisráðherra Íslands, Geir H. Haarde, á fimmtudagskvöld, og bauð hann Geir að sækja Manitoba heim næsta sumar þegar Íslendingadagurinn verður haldinn hátfíðlegur með pompi og prakt.

Doer vonast til þess að beint flug hefjist innan tíðar milli Íslands og Manitoba, sem myndi að sjálfsögdu auðveldala samskipti millum landanna tveggja.

Petta er mál sem liggar hjarta hans nærrí, enda segist Doer vera afar heillaður af Íslandi.

„Það hljómar eins og klisja, að segja að Ísland sé ákaflega fallegt land og að dás að því hversu opíð og hlýtt fólk Íslendingar eru, en það er samt satt,“ sagði Doer með bros á vör, og bætti svo hljéjandi við, „Þó ekkert íslenskt blóð renni í aðum mínum, kalla Eric mig „eftirhermu-Íslending.“

Þeir félagar fljúga heim á morgun.

smk@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI** Baráttunni um sýningaráttinn á spaenska boltanum er lokið og hefur Sýn tryggt sér sýningarrétt á leikjum Barcelona næstu þjú tímabil.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## Eiður Smári alltaf á Sýn

**KNATTSPYRNA** Sjónvarpsstöðin Sýn hefur tryggt sér áframhaldandi sýningarrétt á spaensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu til næstu priggja ára. Stöðin mun einnig sýna beint frá leikjum í spaensku bikarkeppninni.

Allir leikir Evrópu- og Spána-meistara Barcelona verða sýndir á Sýn, auk Meistaradeildarinnar, sem býðir að allir leikir Eiður Smára Guðjohnsen á næstu leiktíð verða sýndir á stöðinni nema heimaleikir íslenska landsliðsins, en það má sjá í Ríkissjónvarpinu.

Fyrstur leikir spaensku deildarinnar eru sýndir í dag, en Eiður Smári leikur kannski sinn fyrsta deildarleik á manudag, begar Barcelona heimsækir Celta Vigo. - sgs



**STURLA BÖÐVARSSON** Samgönguráðherra. Vaktakerfi flugumferðarstjóra:

## EuroControl annast úttekt

**STJÓRNMÁL** Flugöryggisstofnun Evrópu, EuroControl, mun annast úttekt að starfsumhverfi íslenskra flugumferðarstjóra.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra ákvað að úttektin færí fram, eftir deilur flugumferðarstjóra og flugmálastjórnar.

Sturla sagði í samtal við Fréttablaðið að fulltrúar EuroControl kæmu til fundar við starfsmenn ráðuneytisins eftir helgi og yrðu lífur um verkefnið lagðar. Ömögulegt væri að segja til um hvenær niðurstöðu væri að vænta. Sturla kvaðst ánægður með að fá EuroControl til verksins, enda stofnunin algjörlega óháð.

- bþs

## LÖGREGLUFRETTIR

**Fjórir stútar í miðri viku** Fjórir ökumeni voru stöðvaðir fyrir ölvunarakstur í Hafnarfirði aðfarannótt fimmtdags. Að sögn varðstjóra löggreglunnar í Hafnarfirði þykir það heldur mikið í miðri viku.



SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON



ELÍN RAGNARSDÓTTIR



MIKAEL TORFASON

tímarit. Svo varð þetta niðurstaðan nána.

Tímaritaútgáfa Fróða hefur lengi verið ein oflögasta útgáfunni. Eigendaskiptin hafa verið kynnt fyrir starfsmenn og öllum verður boðið að vinna áfram að útgáfu tímaritanna. Starfsemin verður áfram til húsa að Höfðabakka 9.

- sgj



Foton/SIA

## Allt sem bú þarf

Það er þægilegt að kaupa allt fyrir skólann á sama stað.  
Í Kringlunni færð þú allt frá strokleðri upp í fartölву, skólatökuna,  
skólfötin og hvað sem þig kann að vanta á nýju skólaári.

Einnig geta þeir sem kaupa skóladótið í Kringlunni tekið þátt í  
skóaleik og átt möguleika á því að vinna Toshiba A100 fartölву  
frá BT!



Opið til 18 í dag

# Klárí skólann!

Mán. til mið. Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur  
10.00 til 18.30 10.00 til 21.00 10.00 til 19.00 10.00 til 18.00 13.00 til 17.00

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan



## VEISTU SVARIÐ?

**1** Í hvaða landi situr Íslendingurinn Hlynur Smári Sigurðarson í fangelsi fyrir fíkniefnabrot?

**2** Hvaða áframleidandi var sektadur á dögum fyrir 1.819 brot á mengunarlögum?

**3** Hvaða tónlistarmaður gefur út sína 44. plötu, Modern Times, eftir helgi?

SVÖR Á BLS. 94



BÓNUSVÍDEÓ Í LÓUHÓLUM Krassað var á veggi og glugga húsnaðisins.

Krotað á Bónusvídeo:

## Skemmdarverk

**LÖGREGLUMÁL** Skemmdir voru unnar á húsnæði Bónusvídeós við Lóuhóla í fyrrdag. Krotað var á veggi og glugga og nam kostnaður við hreinsunina um tuttugu til þrjátíu þúsund krónum.

Þorvaldur Þorláksson, framkvæmdastjóri Bónusvídeós, sagði að málunin hefði verið vísað til lögreglu og að í framhaldinu yrðu settar upp myndavélar við húsið. „Mál sem þessi koma oft upp á haustin þegar skólar byrja en vonandi verður þetta í síðasta skipti.“ -hs

Alþjóðlegu mannréttindasamtókin Amnesty International:

## Ísrael sakað um stríðsglæpi

**BRETLAND, AP** Mannréttindasamtókin Amnesty International hafa sakað ríkisstjórn Ísraels um að hafa framið stríðsglæpi í nýloknu stríði við Hizbollah-samtókin í Libanon. Segja talsmenn samtakanna að Ísraelsstjórn hafi brotið alþjóðalög þegar hún létt her sinn eyðileggja brýr, vegi og heimili almennings.

Tala látinna óbreyttarborgara, viðtækjar skemmdir og yfirlýsingar yfirmanna hersins, „bendi til þess að eyðileggingin hafi verið vísitandi og hluti af hernaðaráætlun“.

Hafa samtókin farið fram að Sameinuðu þjóðirnar rannsaki hvort Ísraelsstjórn og Hizbollah-

samtókin hafi brotið alþjóðalög. Mark Regey, talmaður utanríkisráðuneytis Ísraels, sagði land sitt hafa hlýtt lögum. „Ólíkt Hizbollah réðumst við ekki viljandi á libanska borgara. Þvert á móti, undir afar erfiðum kringumstæðum, reyndum við að vera eins nákvæmir og mögulegt var í árásum á hryðjuverkasamtókin Hizbollah.“

Samkvæmt tölu Barnahjálpar SP, UNICEF, fórust 1.183 Libanar í stríðinu, flestir óbreyttir borgarar og var þriðjungur þeirra börn. Um 15.000 libönsk heimili voru lögð í rúst. Af þeim 160 Ísraelum sem týndu lífi voru hins vegar flestir hermenn.

- smk



EYÐILEGGING Libönsk kona gengur fram hjá íbúðablokk sem eyðilagðist í stríð Ísraela við Hizbollah á dögumnum.

FRÉTTABLAÐID/AP

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Sex áfram í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald var í gær framlengt yfir sex mönum vagna tilrauna til stórfellds fíkniefnasmygls. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði þá alla til að áframhaldandi gæsluvarðhalds til 6. október.

Fjórir mannana voru handteknir í apríl með tíu kiló af hassi og 15 kiló af amfetamíni, sem þeir höfðu falið í bensíntanki bifreiðar. Tveir Litháar voru svo teknir í júlí með tólf kiló af amfetamíni sem falin voru í bifreið sem kom með Norraðen Seyðisfjarðar. Þá sitja nú í gæsluvarðhaldi karl og kona sem tekin voru í Leifsstöð í vikunni með taeplega hálf kíló af kókaíni. - ss

## Verði ekki vísað úr landi

Pingflokkur vinstri grænna mun í haust endurflytja lagafrumvörp sem gera ráð fyrir að undanþáguákvæði verði sett í lög um útlendinga og atvinnuréttindi um stöðu erlendra kvenna sem verða fyrir heimilisofbeldi.



ATLI GÍSLASON

fengu ekki afgreiðslu þingsins. „Þau fóru í fyrstu umræðu í þinginu og síðan í nefndirnar og þar hafa þau ættið sofnað. Ég held að ríkisstjórnarflokkarnir hafi ekki áhuga á því

að frumvörp frá stjórnarandstöðunni nái fram að ganga, jafnvel þegar um svo brýn málefni er að ræða. Það er míin skýring á þessu. Einnig hef ég flutt þetta mál sem breytingartillögum á lögum um

útlendinga. Ég hef fylgt þessu eftir mjög stíft en ekki haft erindi sem erfiði,“ segir Atli.

Atli telur að brottrekstur erlendra kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi sé í andstöðu við alþjóðasamning nr. 10/1979, um efnahagsleg, félagsleg og menninguarleg réttindi sem Ísland hefur samþykkt.

Haft var eftir Gissuri Pétursyni, forstjóra Vinnumálastofnunar, í fyrrdag að konur í þessari stöðu geti sótt um dvalarleyfi af mannúðarastæðum og fengið í kjölfarið atvinnuleyfi á þeim forsendum, en lögfræðingur Alþjóða-

húss telur að sú leið hafi ekki verið raunhaefur möguleiki hingað til.

„Dvalarleyfi af mannúðarastæðum eru veitt mjög sjaldan og ég veit ekki um nein tilfelli nema í tengslum við hælisumþóknir. Eins og ástæður hafa verið hingað til fannst mér þetta ekki líkleg leið,“ segir Margrét, en fagnar því verði erlendum konum, sem beittar hafi verið ofbeldi, gert kleift að fá dvalarleyfi af mannúðarastæðum sem og atvinnuleyfi.

Ekkí náðist í Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra vegna málsins.

rosag@frettabladid.is

## EKKI BORGA MEIRA!

MORGUNBLAÐID

neytendur

## Munaði 56% á iðgjaldi fólksbíls

**VERÐKÖNNUN** | Þegar verðlagseftirlit ASÍ leitaði tilboða hjá tryggingafélögum í ársiðgjald fyrir skutbíl af gerðinni Volkswagen Golf kom í ljós að tæplega 29.000 króna verðmunur var á hæsta og lægsta tilbodi.



## Verðkönnun ASÍ á bílatryggingum í ágúst 2006

Verð i krónum: Laegsta Hæsta

Ariðgjald fyrir lögbóðna ábyrgðatryggingu óskutakis,

sífsatryggingu ókumanns og eiganda og framrúðutryggingu. \*

Mögjaldsauki vegna tjóns umfram 50.000

Bónus sem laikkar vegna tjóns

Eigin áhentta í framrúðutryggingu þegar skipta þarf um rúbu.

	Síðula-Aðmennar	Vatnseyringatíklar	Tryggingarmáðurðin	Vörðul- Hálandstrygging	Erlæhet	Síðula-Síðar
Ariðgjald fyrir lögbóðna ábyrgðatryggingu óskutakis, sífsatryggingu ókumanns og eiganda og framrúðutryggingu. *	79.984	74.777	74.831	59.277	51.240	1.386
Mögjaldsauki vegna tjóns umfram 50.000	18.000	0	15.000	0	15.000	18.000
Bónus sem laikkar vegna tjóns	Næg	Já	Næg	Já	Næg	Næg
Eigin áhentta í framrúðutryggingu þegar skipta þarf um rúbu.	15%	10%	10%	15%	10%	15%

**SAMKVÆMT KÖNNUN ASÍ ER ELÍSABET ALLT AÐ 56% ÓDÝRARÍ EN GÖMLU TRYGGINGAFÉLÖGIN.**

Reiknaðu þitt dæmi á elisabet.is

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINUM OG BÍLALÁNUM

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.



Hugsaðu um heilsuna  
og hafðu línurnar í lagi!




NÝTT ÚTLIT  
SAMÁ HOLLA INNIGHALDIÐ!



# NYJUNG!

EKKI GLEYMA  
ab-mjólkinni frá MS  
... þessari nýju léttu með  
eplum og gulrótum

## HRIKALEGA HOLL OG GÓD



MJÓLKURVÖRUR  
Í SÉRFLOKKI

## Mercedes-Benz B-Class.



Eigum B-Class bíla til afgreiðslu strax.

VIÐURKENNT SÖLU-  
OG PJÓNUSTUUMBOD  
MERCEDES-BENZ

SÝNINGARSALUR  
VERKSTÆÐI · VARAHLTUR  
HRADPJÓNUSTA



### Mercedes-Benz

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is

01 - 9066

# SPARI DAGAR

**5** HJÁ ORMSSON  
Í FIMM VERSLUNUM OG HJÁ UMBOÐSMÖNNUM

## LOKA DAGUR

ENN FREKARI VERÐLAEKKUN  
Á NÝRRI SENDINGU!

Verð áður: 179.900 kr.  
TILBOÐSVERÐ:  
149.900 kr.

TILBOÐSVERÐ:  
**129.900 kr.**

PÚ SPARAR:  
50.000.- kr



# AEG

PVOTTAVÉLAR  
PURRKARAR  
UPPPVOTTAVÉLAR  
KÆLISKAPAR  
OFNAR - VIFTUR  
HELLUBORD

# 15%

AFSLÁTTUR

# ORMSSON



FRÁ AFHENDINGU Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, ásamt fulltrúum góðgerðafélöganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Reykjavíkurmaraþon Glitnis:

## Góðgerðafélög fá áheitafé

**SAMFÉLAGSMÁL** Áheit að upphæð rúmlega 22 milljónir króna, sem söfnuðust í Reykjavíkurmaraponi Glitnis síðastliðinn laugardag, hafa verið afhent 55 góðgerðafélögum. Það voru starfsmenn Glitnis sem afhentu fulltrúum félaganna áheitaféð í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Alls tóku 502 starfsmenn Glitnis þátt í maraþoninu auk fjölda ættingja og vína. Hver og einn réð því hve langa vegalengd hann lagði að baki og hvaða góðgerðafélág hann styrkti en bankinn hétt á hópinn að greiða 3.000 krónur fyrir hvern hlaupinn kílómetra.

- shá



Á LEIÐ TIL MALAVÍ Sigurður Guðmundsson landlæknir og Sigríður Snæbjörnsdóttir eigin-kona sögðu frá fyrirætlan sinni í gær ásamt Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Láta draum- inn rætast

Hjónin Sigurður Guðmundsson landlæknir og Sigríður Snæbjörnsdóttir fara til Malaví í ár til að byggja upp heilbrigðisþjónustu á vegum PSSI.

**PRÓUNARAOÐSTOP** Hjónin Sigurður Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, og Sigurður Guðmundsson landlæknir fara um miðjan október í ársferð til Malaví á vegum Próunarsamvinnustofnunar Íslands. Þau munu starfa við verkefnistjórnun í uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar á Monkey Bay svæðinu í suðurhluta landsins. Þetta kallar PSSI fyrsta og stærsta verkefni sinnar tegundar á Íslandi.

„Ég vil fagna þessum sögulega viðburði, að við erum að senda okkar besta fólk, að öðrum ólöstuðum, til þessa verkefnis,“ sagði Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra á blaðamannafundi í gær. „Það vill svo skemmtilega til að þau eru einnig hjón og ég veit ekki dæmi þess að ónnur ríki hafi sent fólk úr sambærilegum abyrgðarstöðum til svona starfa.“ Í kjölfarið las Siv upp viður sem Jón Kristjánsson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, hafði ort af þessu tilefni.

„Ef einhver hefði sagt mér fyrir hálfu ári að við ættum eftir að flytji til Afriku og vinna þar í ár, hefði ég sagt að sá sami væri snarvitlaus,“ sagði Sigríður. „Við fórum til Afriku fyrr í vor og urðum mjög hugfangin af því sem fyrir augu bar.“

„Við vorum ekki alveg söm

þegar við komum heim úr Afríku-ferðinni,“ sagði Sigurður. „Þarna eru alvöru vandamál. Í Malaví er meðalæviskeið manna 36 ár, eitt barn deyr við hver tú um fæðast, alnæmistíðni er fimmtíðan til tuttugu þrósent, tveir þriðji kvenna eru ólæsir, fólk deyr úr malaríu, kóleru, niðurgangssjúkdómum og vannæringu. Það þarf að byggja upp innviði samfélagsins til fram-búðar.“

PSSI hefur unnið að uppyggingu heilbrigðisþjónustunnar í Monkey Bay frá árinu 2000. Um 110 þúsund ibúar eru á svæðinu, sem aðeins hafa aðgang að fjórum heilsugæslustöðvum og einu sjúkrahúsi.

Matthías Halldórsson aðstoðar-landlæknir tekur við af Sigurði í fjarveru hans, en ekki er búið að velja staðgengil fyrir Sigríði, að sögn Sivjar.

steindor@frettabladid.is

### VÍSUR JÓNS KRISTJÁNSSONAR TIL SIGURÐAR OG SIGRÍÐAR

I svörtu álfuna sigið þér og Sigríður, hún er ókei.

Ekkí ljúfa lífið er að lækna suður í Monkey Bay.

Þið kunnið að sýna kjark og þor og kynna það fyrir okkur hinum. Gangið bæði gæfuspor með gleði og líkni í farangrinum.

# Afnemum VSK

## af öllum ritföngum og skólatöskum um helgina



**Afnemum VSK**  
af öllum ritföngum og skólatöskum

Gildir til 4. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
*skemmtilegast að versla*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

<b>ICEX-15</b>	<b>5.934</b>	<b>-1,17%</b>	<b>Fjöldi viðskipta:</b> 612
			<b>Velta:</b> 4.789 milljónir
<b>MESTA HÆKKUN</b>			<b>MESTA LÆKKUN</b>
 Mosaic Fashions	+1,17%	 Flaga	-3,13%
Atlantic Petroleum	+0,71%	Marel	-2,53%
Alfesca	+0,64%	Landsbankinn	-1,61%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSÍTÖLU:** Actavis 65,60 -1,06% ... Alfesca 4,74 +0,64% ... Atlantic Petroleum 565,00 +0,71% ... Atorka 6,20 +0,00% ... Avion 33,70 +0,30% ... Bakkavör 54,20 -1,10% ... Dagsbrún 5,23 -0,76% ... FL Group 18,10 -1,09% ... Glitnir 19,60 -1,01% ... KB banki 805,00 -1,35% ... Landsbankinn 24,40 -1,61% ... Marel 77,00 -2,53% ... Mosaic Fashions 17,30 +1,17% ... Straumur-Burðarás 16,20 -1,22% ... Össur 127,50 -1,16%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Sjötíu prósent hagnaðaraaukning

Hagnaður Sparisjóðs Hafnarfjarðar (SPH) var 311 milljónir króna á fyrra árshelmingi og jökst um tæp sjötíu prósent miðað við sama tímabil í fyrra.

Heildarútlán Sparisjóðsins námu 39,4 milljörðum á tímabilinu og jukust um rúm nítján prósent

frá áramótum. Eigið fé Sparisjóðsins er 4,1 milljarður króna og hefur aukist um rúm átta prósent frá áramótum.

Rekstrarkostnaður SPH var 836 milljónir króna á fyrra árshelmingi og jökst um tæp níu prósent milli ára.

-jsk

## Methagnaður SPK

Hagnaður Sparisjóðs Kópavogs (SPK) var 222 milljónir króna eftir skattá á fyrra helmingi árs og hefur aldrei verið meiri. Á seinni helmingi ársins 2005 nam hagnaður Sparisjóðsins 135 milljónum króna og er því um 64,5 prósent hagnaðar-

aukningu að ræða.

Útlán sparisjóðsins til viðskiptavina námu 14,9 milljörðum króna og jukust um tæplega 21 prósent frá áramótum. Eigið fé SPK er 976 milljónir króna og hefur hækkað um 11,2 prósent á sama tímabili.

-jsk

## Peningaskápurinn...

### Silspikaðir á krepputínum

Meðlimum líkamsræktarstöðva í Bretlandi fækkaði um átta prósent á fyrra árshelmingi, samkvæmt könnun Deloitte & Touche. Nýjum meðlimum fækkaði um tæp tuttugu prósent þrátt fyrir að talsverðar verðlækkanir hafi orðið á aðildargjöldum. Skóinn hefur nokkuð krept hjá breskum neytendum á fyrra hluta árs, stýrvextir Englandsbanka hafa hækkað og bjartsýni neytenda snarminnkað. Sérfræðingar Deloitte segja niðurstöðurnar þó koma nokkuð á óvart þar sem hingað til hafi verið talið að fólk þyrti hreyfingu óháð efnahag. Þá hefur breska ríkisstjórnin sérstakar áhyggjur af þessari þróun enda því spáð að þrettán milljónir Bretta, þar að ein milljón barna, verði of feit árið 2010. Ríkisstjórnin er jafnvel sögð ihuga aðgerðir til að ýta undir áhuga þegnanna á líkamsrækt, enda þjóðhagslegur ávinningur heilsuhreysti margsannaður og hafinn yfir allan vafa.

### Vandrataður meðalvegur

Bandaríksa verslanakeðjan Wal-Mart hlýtur nú bágt fyrir tilraunir sínar til að breikka viðskiptavinahóp sinn. Keðjan, sem á rætur að rekja djúp í bandarísku Suðurríkjumunum, varð nýlega meðlimur í samtökum sem hafa það að markmiði að auka veg samkynheigðra í viðskiptum. Það vakti ekki mikla lukku hjá mórgum dyggari viðskiptavina Wal-Mart sem segja keðjuna kasta gamalgrónum fjölskyldugildum fyrir róða. „Wal-Mart hefur saurgað arfleifð Sams Walton, stofnanda fyrirtækisins. Þess vegna ráðleggjum við meðlimum okkar að sniðganga keðjuna,“ sagði Randi Sharp, talsmaður Missouri-deilda Bandarísku fjölskyldusamtakanna. Samtök samkynheigðra virðast heldur ekki hrifin af uppátkæki Wal-Mart, ef eitthvað er að marka Jeremy Bishop, forvorsmann Pride at Work. „Petta er ekkk annað en dapurt auglýsingabragð. Wal-Mart hefur aldrei komið fram við starfsmenn sína af virðingu, hvort sem þeir eru gagn- eða samkynheigðir.“

## MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild Landsbanks hefur uppfært verðmat sitt á Kaupþingi og Glitni. Deildin mælir með því að fjárfestar kaipi bréf í Kaupþingi en haldi bréfum sínum í Glitni.

Fjárfestingarfélagið CVC, sem m.a. á og rekur Hibernia Atlantic-sæstreginn á milli Evrópu og N-Ameríku, tapaði tæpum 10,4 milljónum bandaríkjadalda eða tæplega 729 milljónum íslenskra króna, á fyrstu sex mánuðum ársins.

Tryggingamiðstöðin hefur lokið áreið-anleikakönnun vegna yfirtökutilboðs í norska tryggingarfélagið NEMI. Með tilvísun til norska yfirtökuregluna mun TM bráðlega senda þeim hluthöfum, sem ekki töku tilboðinu, bindandi yfirtökutilboð.

## Dæmi eru um laun í evrum

Bakkavör, Össur og Marel greiða öll fyrir stjórnarsetu í erlendum gjaldmiðli. Að auki hefur Marel samið við hluta starfsmanna hér um evrutengdar launa-greiðslur. Hjá ASÍ hafa verið viðraðar hugmyndir um laun í evrum.



**FORSVARSMENN MARELS** Árni Oddur Þórðarson stjórnarformáður og Hördur Arnarson, forstjóri Marels, ræða saman í evrum, svo sem húsnaðislán. „Þá segir hann tómt mál að tala um að ætla að fá erlenda stjórnarmenn að félagini ef semja eigi við þá um laun í íslenskum krónum.“

Margir gyðingar voru sannfærðir um að Palestíná væri heimaland þeirra og færðu fyrir því söguleg rök. Einn öflugasti málsvari þeirra var Theodor Herzl sem árið 1881 gaf út bókina Gyðingaríki (Der Judentaat). Herzl var þeirrar skoðunar að gyðingar ættu að stofna ríki fyrir botni Miðjarðarhafs, þar sem nú stendur Ísrael.

Hugmyndin um stofnun Ísraelsríkis naut mikillar hylli innan bresku ríkisstjórnarinnar, meðal annars hjá Benjamin Disraeli (1804-1881) og Herbert Samuel (1870-1963), sem báðir voru af gyðingaættum. Það var svo árið 1917 sem breska stjórnin gaf út Balfour-yfirlýsinguna svokölluðu um að gyðingar skyldu eiga heimaland í Palestínú.

### Gyðingar kaupa land

Um og eftir aldamótin 1900 varð til sjóður sem gerði gyðingum kleift að kaupa land í Palestínú og fyrstu kibbutz, eða samyrkjubúin, voru stofnuð um 1910. Stöðugur straumur gyðinga lá til fyrirheitna landsins frá lokum 19. aldar og allan fyrri hluta 20. aldar.

Meðan á þessum fólkflutningum stóð var landið í raun hvorki undir pólitísku valdi araba né gyðinga. Þegar fyrri heimsstyrjöldinni lauk fólk Þjóðabandalagið (sem síðan varð að Sameinuðu þjóðunum) Bretan að stýra landsvæðinu þar sem nú eru Jórdanía, Palestíná og Ísrael.

### Mikil fjölgun gyðinga fyrir botni Miðjarðarhafs

Tilurð Ísraels má þannig rekja allt aftur til loka 19. aldar þegar fyrstu gyðingarnir keyptu land af ottómönum og arðum sem þar voru fyrir. Segja má að þá þegar hafi myndast spenna á svæðinu. Fleiri gyðingar fylgdu í kjölfarið; á árunum 1904-1914 komu um 40.000 manns og enn fleiri á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld. Í kjölfar nasismans í Þýskalandi, eða upp úr 1933, fjölgði enn frekar þeim gyðingum sem fluttu til fyrirheitna landsins. Um 1940 voru þeir orðnir 30 prósent íbúa þar og um 28 prósent landsvæðis voru í þeirra eigu. Í lok seinni heimsstyrjaldar voru gyðingar sem bjuggu fyrir botni Miðjarðarhafs orðnir um 600.000 talsins.

### Slutverk samyrkjubúanna

Árið 1948 var Ísraelsríki svo stofnað, aðeins degi áður en stjórnartíð Bretta á svæðinu lauk formlega. Þar gegndu samyrkjubúin mikilvægu hlutverki, ekki aðeins gagnvart fólkini sem þar bjó, heldur styrktu þau samkennd gyðinga og áttu sinn þátt í stofnun ríkisins. Ísraelsríki átti að ná yfir 55 prósent af landsvæðinu



**SAMYRKJUBÚ** Ísrael er meðal annars þekkt fyrir samyrkjubú en þau gegndu hlutverki í stofnun ríkisins.

sem áður hafði að mestu leytti verið byggt af arðum. Þetta hafði í för með sér stórfelldan brotflutning Palestínáraða af svæðinu og héldu flestir þeirra til Jórdaníu þar sem þeir gátu fengið ríkisborgararétt.

Segja má að allur gangur hafi verið á því hvernig gyðingar eignuðust land í Palestínú. Í öllu falli var það ferli sem náði yfir rúma hálfa öld; sumir keyptu land af landeigendum sem fyrir voru, en aðrir eignuðu sér það einfaldlega eða „endurheimtu“.

**Pórir Jónsson Hraundal, sérfræðingur í Mið-Austurlandsfræðum.**

### Af hverju nennir fólk að læra svona mikið?

Auðvitað nenna ekki allir að læra mikið, en allmargir gera það þó. Þetta sést glöggt á þeim gífurlega fjölda heimsókna sem Vísindavefurinn fær í hverri viku. Hvað drifur þetta fólk áfram?

### Skyldurækni, peningar, virðing, völd

Eflaust eru ástæðurnar margar og margþættar. Sumir læra aðallega af skyldurækni, til dæmis til að fá klapp á bakið eða sleppa við tuð og skammir. Peningar, virðing og völd geta líka verið sterkir hvatar; að jafnaði fær vel menntað fólk hærri laun, kemst frekari í valdastöður og nýtur oft virðingar í samfélaginu.

Enn er þó ótalin ein ástæða; mórgum finnst hreinlega gaman að læra! En af hverju? Hvernig getur nokkuð verið svo skemmtilegt að sumt fólk nenni að sitja á skólabekk í yfir tuttugu ár, jafnvel til að nema fag sem er bæði erfitt og gefur ekki mikið í aðra hond?

### Edlislæg forvitni

Eflaust er hluti skýringarinnar að mónnum virðist að nokkuð leytti edlislægt að vera forvitni. Margir vilja vita meira um hluti sem þeim eru ekki ljósir og hafa gaman af því að þæla, spá og spekúlera. Með tímanum leiðir þessi forvitni til þess að við náum betri tökum á tilverunni.

### Þetta er svo gaman!

Annar hluti skýringarinnar gæti svo verið það sem félagsálfraðingar kalla áreynsluréttlætingu (e. effort justification). Hugtakið vísar til þess að fólk kann yfirleitt betur að meta hluti ef það hefur þurfat að hafa mikið fyrir þeim. Fari fólk í langt og strangt nám vill það oft réttlæta fyrir sjálflu sér og öðrum af hverju í óskópunum það hafi lagt svona mikið á sig. Skýringin sem það gefur sér gæti þá vel orðið: Af því þetta var svo rosalega gaman!

**Heiða María Sigurðardóttir, B.A. í sálfræði og starfsmaður Vísindavefssins**

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanfórnu eru: Hvaða dýr valda mestum mannskaða með beinum árásum ef frá eru talin skordýr? Hvað getið þið sagt mér um stjörnuárvöxt? Hvernig dó Napólén? Hvað er landafræði? Hvað er vitað um Paul Josef Göbbels áróðursmálaráðherra ríkisstjórnar nasista? Hvers vegna er kríuvarp svo algengt við mannanbústaði eða íbúðabyggð? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is).

NÝTT ÍSLENSKT  
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!  
Í KVÖLD KL. 20:05



Þættirnir um Búbbana gerast á sjónvarpsstöð þar sem skrautlegar uppákomur eru daglegt brauð. Höfundar þáttanna eru nokkrir af okkar dáðustu grínurum, en **Gísli Rúnar Jónsson** er yfirhandritshöfundur. Þættirnir voru þróaðir af **Braga Þór Hinrikssyni** en auk hans ljá fjölkálfarnir **Sveppi, Björgvin Franz Gíslason, Jóhann G. Jóhannsson, Vilhjálmur Goði** auk annarra grínarka, Búbbunum raddir sínar. Þættirnir eru uppfyllir af skemmtilegri tónlist eftir **Jón Ólafsson**. Hér eru á ferð fyrstu íslensku brúðupþættirnir – taumlaust fjör fyrir alla fjölskylduna.

**BÚBBARNIR HEFJAST Í KVÖLD!**



# Bloggmennin blómstrar í Íran

Í Íran, þar sem tjáning-arfelsinu eru settar hömlur og fréttatflutningur er litaður af skoðunum valdhafa, eru óheft skrif á síðum veraldarvefsins frels-un. Anna Tryggvadóttir kynnti sér þróun íranska bloggsins, opinna dagbókarskrifa á internetinu.

Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, varð á dögumnum fyrsti þjóðhöfðingi heimsins til að hefja skrif á opinni bloggsíðu. Þótt margir líti á nýja bloggið sem ódýra tilraun forsetans til að ná frekari vinsældum gefur það nokkra hugmynd um stöðu opinna vefdagbóka í írónsku samfélagi. Bloggið nýtur mjög mikilla vinsælda enda fyrir marga einn af fáum stöðum þar sem sámilegt frelsi ríkir til tjáningar.

## Fimm ára saga

Fyrir tæpu ári var reiknað út að sjö hundruð þúsund írónskum bloggum er haldið úti á internetinu. Reyndar er einungis hluti þeirra í virkri notkun en talan segir sína sögu. Persneska, tungumál Íранa, er enn fremur í fjórða sæti á lista yfir mest notuð tungumálum í bloggheiminum og skýrur þar spænsku, kínversku og rússnesku ref fyrir rass. Því er ljóst að bloggið hefur náð ótrúlegri útbreiðslu í Íran.

Saga íranska bloggsins hófst fyrir alþöru þann fimmstu nóvember 2001. Þá birti Hossein Derakhshan, íranskur blaðamaður sem var þá nýfluttur til Kanada, einfaldar leiðbeiningar á persnesku um hvernig setja mætti upp blogg. Árangurinn létt ekki á sér standa og írónskum bloggum fjölgædi á stjarnfræðilegum hraða.

## Böl bloggaranna

Bloggin fengu þó ekki að þrífast óáreitt enda urðu þau fljótt vett-vangur skoðanaskipta sem yfirvöld töldu ekki æskileg. Fóru yfirvöld að fangelsa bloggara fyrir skrif sín snemma á árinu 2003. Í október árið 2004 voru svo sett ný lög þar sem kveðið var að um að hverjum þeim sem héldi uppi áróri gagni yfirvöldum, aðhefðist gegn þjóðaröryggi, truflaði almenningshugsun og vanvirti trúarlegar skyldur í gegnum tölву eða önnur fjarskipti skyldi vera



**SETIÐ YFIR TÖLVUNUM** Í Íran eru tölvur almennungseign og kemur því ekki á óvart að íranskir bloggarar koma úr ýmsum krókum og kimum samfélagsins. Íranska bloggið hóf göngu sína árið 2001 þegar framtakssamur Íráni birti leiðbeiningar á persnesku um hvernig koma ætti upp bloggi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FRÍÐARVERÐLAUNA-HAFINN SHIRIN EBADI**  
Bloggin taka við þar sem fjölmörlar standa sig ekki, eins og þegar fréttin af því þegar lögfræðingurinn Shirin Ebadi hlaut friðarverðlaun Nóbels fór eins og eldur í sinu um írónsku bloggi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## BROT ÚR BLOGGUM SÍÐUSTU DAGA

„Manstu eftir Mana, sem var settur í fangelsi út af teiknimynd? Fyrir tveimur dögum var honum og ritstjóranum okkar, Mehrdad, hleypt úr fangelsi í tíu daga. Þetta er einhvers konar frí fyrir þá.“ 24. ágúst 2006, Hamidreza Nasiri (<http://blog.hamidreza.com>)

„Ég er löt við að skrifa á ensku og nota oftast persnesku til að tjá tilfinningar minar.“ 24. ágúst 2006, Leva Sand (<http://www.balootak.com/english>)

„Á meðan Íranar lifa við slæm skilyrði lofa yfirvöld í Íran að byggja innréttar Íbúðir fyrir Líbani.“ 23. ágúst 2006 Sheema Kalbasi (<http://zaneirani.blogspot.com>)

„Ég gleymdi að segja að fyrir nokkrum klukkustundum hakkaði sig einhver inn í aðalgagnabanka bloggs íranska forsetans og það er ekki hægt að sjá nýjustu færsluna.“ 14. ágúst 2006, Kourosh Ziabari (<http://cyberfaith.blogspot.com>)

„Ahmadinejad er miklu frekar popúlisti en harðlinumaður. Samt á ég í erfi-leikum með að sannfærast um að hann sé í alvörunni byrjaður að blogga.“ 14. ágúst 2006, Hossein Derakhshan (<http://hoder.com/weblog>)

refsað fyrir athæfið, og getur sú refsing varðað allt að fimm ára fangelsisvist.

Aukin harka hefur færst í aðgerðir yfirvalda upp á síðkastið eða síðan Mahmoud Ahmadinejad varð forseti Írans. Fimmtíu bloggarar hafa til dæmis verið fangelsaðir það sem af er þessu ári og óttast sumir að nú sjái fyrir endann á lifandi internetsamfélagi Írána. Margir bloggarar hafa dregið sig í hlé og enn fleiri en áður skrifa undir dulnefnum og láta ekki af mikið uppi um persónulega hagi sína.

## Trúlofanir og vont sjónvarpsefni

Aðrir láta það þó ekki á sig fá og blogga, enda er langt frá því að öll írónsk blogg séu hápolítiskar ádeilur á yfirvöld. Litróf bloggaranna er ótrúlega fjölbreytt, frá leigubílstjórum til laganema, karlar og konur á öllum aldri. Þótt andstæðingar yfirvalda hafi mikið skrifsað á bloggin sín nota írónsk yfirvöld internetið líka mikið til að koma sínum boðskap á framfæri sem og hópar hliðhollir klerkastjórninni.

Umraðuefnin á bloggum eru ólík eftir því og kennir þar ýmissa grasa. „Golnaz og ég trúlofuðum okkur í gærkvöld. Ég er svo glöð og vildi deila þessum góðum tilfinningum með ykkur,“ skrifar Ehsan H. (27. maí 2006, [www.ehsanix.com](http://www.ehsanix.com)) á bloggi sitt og með nafni unnuð hennar fylgir krækja yfir á bloggi hans. Líkt og á bloggum alls staðar annars staðar í heiminum kvarta Íranar til dæmis líka yfir sjónvarpsefni sem þeim er boðið upp á. „Versta af öllu er þessi ótrúlegi áróður ... Þú þekkir strax góðu karlana frá þeim vondu á nöfnunum (góðu karlarnir bera íslomsk nöfn en þeir vondu persnesk) og hvernig þeir líta út ... góðu karlarnir eru alltaf með mikið skegg, oftast illa til haft, en vondu karlarnir nauðrakaðir!“ (30. júní 2002, [aab.blogspot.com](http://aab.blogspot.com))

## Fyrst eða ein með fréttirnar

Aðrir bloggarar taka hlutverk sitt alvarlegar og líta á sig sem upplýsingaveitu þegar ríksreknu fjölmörlanir standa sig ekki í stykkini. Sú var til dæmis raunin þegar íranski lögfræðingurinn Shirin Ebadi fékk friðarverðlaun Nóbels árið 2003 en málid var nærrí pagað í hel í írónskum fjölmörlum. Írónsku bloggararnir fóru aftur á móti hamförum og breiddu út boðskapina með undraverðum hraða. Þegar Ebadi kom heim til Íran með Nóbelsverðlaunin í farteskinu tóku um 25 þúsund manns á móti henni á flugvellinum, og benda margir á að þeir hefðu að líkendum verið færri ef ekki hefði verið fyrir alla þá auglýsingum sem mannfagnaðurinn fékk á írónskum bloggsíðum.

Bloggin hafa líka nýst vel sem veita fyrir alls konar efni sem ekki hlýtur náð fyrir augum yfirvalda í Íran. Þar má víða finna krækjur á bandarískar kvíkmyndir og tónlist sem er bönnuð af írónskum yfirvöldum, en einnig íranskt efni sem hefur verið ritskoðað. Þar má til dæmis nefna bók sem íranski rit-höfundurinn Abass Maroufi skrif-aði árið 2003. Hann var sendur ófugur heim með bókina af rit-



**BYRJAÐUR AÐ BLOGGA** Meira að segja íranski forsetinn, Mahmoud Ahmadinejad, er byrjaður að blogga en fyrsta færslan hans birtist á [www.ahmadinejad.ir](http://www.ahmadinejad.ir) í viku unni. FRÉTTABLAÐIÐ/APP

skoðunarskrifstofu menningar-málaráðuneytisins og gert að gera á henni yfir tvö hundruð breytingar. Maroufi sinnti því ekki og birti bókina þess í stað í heilu lagi á blogginu sínu.

## Hversu hratt fleytir tækninni fram?

Írónsk yfirvöld reyna þó allt sem þau geta til að koma í veg fyrir slíka dreifingu. Þau vinna hördum höndum að því að loka fyrir aðgang að síðum sem dreifa ólölegu efni þótt þær spretti aftur upp jafn harðan. Meira að segja hafa verið uppi hugmyndir um að koma Íran inn á sérstakt intranet, eða aflokað net sem er aðskilið frá veraldar-vefnum, þótt hingað til hafi ekki verið talinn möguleiki á að framkvæma hana.

Tæknin vinnur með bloggurum sem reyna allt hvað þeir geta til að halda úti síðunum sínum. Tæknin leyfir alltaf nýjar leiðir til að koma upplýsingum til lesandans, sem þó eru bara opnar þangað til yfirvöld loka þeim aftur. Þá hefst önnur leit að nýrr smugu.

**Heimildir:** AP, Nasrin Alavi, „We are Iran, the Persian blogs,” Soft Skull Press, Bandaríkin, 2005.


## Tilveruréttur bloggsins tryggður

Hossein Derakhshan er af mörgum talinn faðir íranska bloggsins. Persneska bloggið hans er mjög vinsælt, þótt yfirvöld reyni allt sem þau geta til að koma í veg fyrir að Íranar lesi það, og Derakhshan heldur einnig úti bloggi á ensku.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Derakhshan var hann í fríi í París, en hann býr í Toronto í Kanada. Hann tekur hlutverk sitt sem föður íranska bloggsins nokkuð alvarlega og lítur á sjálfan sig sem brú á milli íranska bloggheimins og Vesturlanda. „Ef ég hefði ekki farið að blogga á ensku hefði heimurinn kynnt írónsku bloggi miklu seinnan. Því eins og ég hef sagt er eins og hlutirnir hafi ekki gerst fyrr en skrifð er um þá á ensku og þetta á við um svo margt,“ segir Derakhshan.

Spurður um hvað honum finnist um blogg forseta Írans, Mahmouds Ahmadinejad, segist Derakhshan fagna viðurkenningunni sem felst í blogginu fyrir íranska bloggheiminn. „Bogg forsetans tryggir tilverurétt bloggsins í Íran og tryggir að yfirvöld mun ekki leggja þetta fyrirbæri niður,“ segir Derakhshan. Hann segir að merkileg tíðindi felist enn fremur í þessu skrefi forsetans. „Þetta þýðir að okkur, írónsku bloggurunum, hefur tekist að staðfæra bloggið, sem er algjörlega vestrað fyrirbrigði, og draga upp að því mynd sem trúrækið fólk og andstæðingar Vesturlanda geta sætt sig við.“

Derakhshan hefur ekki trú á að forsetinn muni standa að því að draga úr ritskoðun á írónskum blogg-



**FADIR ÍRANSKA BLOGGSINS** Hossein Derakhshan tekur hlutverk sitt sem föður íranska bloggsins nokkuð alvarlega og reynir að byggja brú milli írans og Vesturlanda. MYND/HODER

um þó að hann sé sjálfur byrjaður að blogga. „Þetta eru tvö alveg aðskilin fyrirbrigði. Því rétt eins og með kvíkmyndir þá eru yfirvöld ekki á móti hug-myndinni í megindráttum, þau vilja bara hafa fullkomna stjórn á notkun bloggsins og beina því á brautir sem eru þeim þóknanlegar.“

## Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



# milljónir í fyrsta vinnung!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is fyrir kl. 18.40 í dag. – þú gætir unnið litlar 20 milljónir króna.

Það getur allt gerst.






# Við stöndum saman í aðra röndina

## Sagan

... segir að Þróttur hafi orðið til þegar einn af hinum vörpulegu bakvörðum KR sögunnar, þrykkti knettinum út af Melavellinum sáluga. Þar hafi komið piltur einn, litið á þetta sem himnasendingu og til merkis um að stofna ætti Þrótt. Félöginn lifðu svo í nokkru samlyndi næstu 15 árin eða svo, þangað til ákveðið var að skipta borginni á milli félaganna. Erum við þá stödd, í þessari sömu sögu, þar sem segir að KR hafi síðan verið allsráðandi í vesturbænum og Þróttur í þeim eystri.



## Fjölskylduskefntun

Fyrir rúnum 10 árum var Bensínorkan stofnuð af Skeljungi, Hagkaupi og Bónus, en í dag eru Skeljungur og Orkan samfeðra. Í ljósi Sögunnar, vilja sumir meina, að Þróttur sé litli bróðir KR og Orkan þá að sama skapi litla systir Skeljungs.

Það er þess vegna sem við gátum ekki annað en haldið þessa fjölskylduskefntun.

Leikurinn er tryggður af Tryggingarmiðstöðinni. Fyrrverandi og núverandi forstjórar, Gunnar Felixon KR-ingur og Óskar Magnússon Þróttari, hafa ákveðið að tryggja sanngjörn úrslit. Þetta nýja tryggingarform er til merkis um viðsýni TM á tryggingasviðinu.



**Heiðursgestur leiksins  
er Björn Ingi Hrafnsson**  
formaður Borgarráðs  
og formaður ÍTR



## Lárus & Lárus



# Þróttur - KR

## Undanúrslit í VISA-bikarnum

### Þriðjudaginn

### 29. ágúst kl. 20



Röndóttu frændurnir úr austri og vestri ætla að gera sér glaðan dag af þessu tilefni og fara saman á völlinn  
- standa saman í aðra röndina, en snúa sér svo alfarið að hinni þegar leikurinn hefst.

**Frá kl. 18.00** verður létt veitingasala í Þróttarhúsinu og eru stuðningsmenn beggja liða á öllum aldri velkomnir.

**Kl. 19.15** verður svo haldið niður á Laugardalsvöll, þar sem hljómsveitin Röndin mun troða upp með  
Þróttar og KR lögum í bland við önnur æsandi upphitunarlög.



Ingvar vikingsson / lit



LIFI ÞRÓTTUR

PÁÐ MUNAR UM MINNA



TILBÚNIR TIL BROTTFARAR Jerry Temple flugvélamiðlari og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri og flugmaður, áður en lagt var upp í ferðalagið. Með þeim á myndinni, til hægri, er Austin Freeman flugkennari.

# Frá Flóríða til Reykjavíkur á 66 klukkustundum

Skýjakljúfar, fenjasvæði, ísjakar, skógar, stöðuvötn, hraðbrautir, Atlantshafið. **Björn Pór Sigbjörnsson** blaðamaður horfði á allt þetta og meira til út um glugga tveggja hreyfla Cessna flugvélar á leiðinni frá Flóríða til Reykjavíkur.

Hvers vegna að fljúga í átta klukkustundir frá Keflavík til Orlando til bess eins að vera tæpa þrjá sólarhringa á leiðinni heim? Þetta er gild spurning en svarið er einfalt. Það bjóðast ekki mörg tækifæri til að fljúga sjónflug yfir austurströnd Bandaríkjanna, upp til Labrador í Kanada, yfir hafið og til Grænlands og þaðan til Reykjavíkur.

EKKI þarf nema örlitla ævintýraþrá til að taka boði um slíka flugferð. Já og skilningsríka fjölskyldu og fri í vinnu.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri hjá Kaup-

bingi banka og flugmaður með meiru, fór til Bandaríkjanna fyrir í sumar til að ferja tveggja hreyfla flugvél af gerðinni Cessna 340 til Íslands. Hann dvaldi í Dallas í Texas við æfingar og lærdóm í nokkrar vikur áður en lagt var í hann, en sjálf heimferðin hófst í Orlando í Flóríða 8. ágúst.

Það er satt sem sagt er um Orlando. Borgin er ekki bara skemmtigarðar heldur líka verslanamiðstöðvar. En þá er það upptalið. Og þeir sem eru hvorki fyrir skemmtigarða né verslanamiðstöðvar ættu að verja frínu sínu



LENT Í NARSARSAQ Eftir ævintýralegt flug inn suðurfirði Grænlands var lent á flugvellinum í Narsarsuaq þar sem tekið var bensín áður en haldið var síðasta spölinn heim.

Þaðan var farið til Bangor í Maine. Svo til Goose Bay á Labrador í Kanada. Þá til Narsarsuaq í Grænlandi og loks til Reykjavíkur. Upphafleg áætlun gerð ráð fyrir tvemur leggjum á einum degi, svefn í Bangor og premur leggjum daginn eftir. En það átti eftir að breytast.

Hitinn er kæfandi en hann venst, alveg eins og suðið í engisprettunum og edlurnar sem skottuðust um hótelgarðinn.

Í slíku umhverfi lá ég og las Vetrarborg Arnaldar Indriðasonar og beið brottfarar.

## Fimmtán tímar á flugi

Flugvélin var keypt í gegnum bandaríska flugvélamiðlarann Jerry Temple sem er sérfróður um Cessna vélar. Jerry er eldri en tvæ vetur þegar flug, og reyndar lífið allt, er annars vegar. Hann flaug þyrlum í striðinu í Viðnam og varð þar fyrir skotárás. Eftir nokkrura vikna spítalalegu og mánaða endurhæfingu lauk hann herskyldunni við þjálfun en tók síðar til við að miðla flugvélum milli manna. Jerry fannst mjög spennandi að selja vél til Íslands og úr varð að Þorvaldur fékk hann til að fljúga með heim og kenna sér eitt til tvö trikk í leiðinni.

Flugleiðin var alls fimm áfangar sem allir tóku um þrjár klukkustundir í flugi. Sá fyrsti var frá Orlando til Richmond í Virgínu.

## Rafmagnslaust

Það var spenna í þykku og heitu loftini í Orlando að morgni þriðudagsins 8. ágúst. Við premenningarnir hittumst klukkan sex og fengum okkur hinn staðgóða morgunverð, egg, beikon og kaffi, áður en haldið var á flugvöllinn. Öll skilyrði voru góð og flugáætlun gerð í samræmi við það. En þegar vélin var yfirfarin kom í ljós að rafgeymirinn var tómur. Því var bjargað með starti og fyrir ókunnugan kom á óvart að það er minni fyrirhöfn að gefa flugvél start heldur en bíl. Engar klemmur utan um plús og míinus heldur bára stungin í samband. Bilaframleiðendur mættu taka sér þessa tæknin til fyrirmyndar.

Eftir að rafmagn komst á bentu mælar ekki til annars en að allt væri í lagi.



SÓLSETUR Útsýnið yfir Grænlandsjöklí var ægifagurt. Sólin að setjast í vestri og á austurhimminum var tunglið nánast fullt.

Flugið frá Flóríða til Virginíu var magnað. Orlando er óneitanlega tilkomumeiri úr lofti en af landi, fengasvæðin blasa vel við og með ímyndunaraflíð að vopni má sjá krókódíla á svamli. Flogið var yfir Georgíu og Suður- og Norður-Karólínu áður en komið var inn í Virginíu-fylki.

#### Okrað í Richmond

Lent var um hádegisbil á flugvelli inum í Richmond. Í setustofu flugafgreiðslunnar biðu tveir naglar á sjótgalsaldi eftir að einkabotan þeirra fær í loftið. Annar þeirra vakti sérstaka hrifningu okkar enda í kúrekastigvélum af dýrari sortinni og voru upphafsstafir hans, GT, letraðir á leggina. Nema hann sé svo hrifinn af gini í tónic!

Fylt var á bensíntanka og rafmagnið kannað og kom þá í ljós að allt var dautt. Geymirinn var ónýttur.

EKKI var annað að gera en að kaupa nýjan sem kostaði japl, jaml og fuður og marga dali. Geymir af réttri stærð var ekki til á lager en Porvaldi tókst að telja flugvirkjana á að selja geymi úr nýlegrí vél sem verið var að yfirfara í nærliggjandi skýli. Par sem talsvert var í húfi var ekki spurt um verð fyrr en gert var upp. Kom þá á daginn að geymirinn var tvöfalt dýrari en gengur og gerist. Flugvirkjarnir snuðuðu okkur og eru sjálfsagt enn að skemmta sér fyrir mismuninn.

#### Engar Yankees húfur hér

Frá Richmond lá leiðin til Bangor í Maine. Flogið var yfir sjó fylki: Maryland, Delaware, New Jersey, New York, Connecticut, Massachusetts og New Hampshire áður en komið var í hið skógvaxna Maine. Útsýnið á fluginu meðfram ströndinni var frábært og með hreinum ólíkindum að virða fyrir sér stórborgirnar og hafnirnar úr lofti.

Í hafnarborginni Bangor í Maine fást menn einkum við tvennt, skógarhöggi og skipasmíðar. Þar er fólk miklu mun harðgerðara og meira um sig en í Flóríða, karlarnir eru skeggvaxnir og klæðast köflóttum skyrtum og konurnar virðast líklegar til að leggja hvern meðal íslenskan karlmann í sjómann. Það reyndi þó ekki að það í þetta sinn, ekki þurfti að gera út um mál með þessum gamla hætti þó við lægi um tíma. Áttu þá ekki konur í hlut heldur karlar. Þeim var nefnilega meinilla við að ég bæri hatt að höfði merktan hafnaboltaliði Yankees í New York. Í Bangor halda menn með erkifjendum Red Sox frá Boston. Ég sagði þeim sem rétt er að ég héldi sko alls ekki með Yankees heldur hefði mig vantað höfuðfat í hitanum í Flóríða og keypt það sem hendi var næst. Brostu þeir þá á ný og sóttu sér Wrigley's tyggjóplötur í brjóstvasana á köflóttu skyrtunum.

Við sváfum í Bangor og vorum komnir í koju fljóttlega eftir að hafa gætt okkur á nautasteik og bakaði kartóflu í matsalnum á Sheraton flugvallarhótelinu.

#### Bruce og Bryan

Vekjaraklukkurnar hringdu áður en dagur rann upp í Bangor í Maine, miðvikudaginn 9. ágúst. Þrí leggir framundan og stefnt að því að lenda í Reykjavík fyrir miðnætti að staðartíma. Ænn var klukkustund bar til beikonið færí á pönnuna í hóteleldhúsinu og því flogið af stað með kaffið eitt í maganum. Það kom ekki að sök því steikin frá kvöldinu áður sagði enn til sín.

Ég hlustaði á tólist þorra ferðarinnar enda lýjandi til lengdar fyrir óinnygðan að hlusta á flugmenn ræða um brýsting, mixtúra, flappa, gír og hnít. Í þann mund er við kvöddum Bandaríkin og flugum yfir landameri Kanada lauk Bruce Springsteen við River og Somebody með Bryan Adams hófst. Erkirokkarar hvor síns lands mættust á mótmum ríkjanna.

Goose Bay er á Labrador á austurströnd Kanada. Á árum áður stoppuðu íslenskar vélar á leið yfir hafið þar og tóku bensín. Fyrir vikið hafa margir Íslendingar dvalið í stutta stund í Goose. EKKI er þó víst að minningarnar séu margar því þetta var á þeim árum

þegar Íslendingar flugu helst ekki nema vel við skál.

Þó íslensk flugfélög séu hætt að stoppa í Goose er talsverð umferð um flugvöllinn sem þar til nýlega var einn af völlum Atlantshafsbandalagsins. Herflugvélar stoppa þar enn á leið til og frá æfingum enn norðar í Kanada og farbegávélar hafa þar viðvöl á leiðinni yfir Atlantshafið auk þess sem nokkur ferðamannastraumur er til staðarins þar sem góð veiðivötn eru í grenndinni.

Eins og aðra daga gengum við snemma til náða til að vera vel upplagðir til flugsins. Og það var ekki eins og við byrftum að rífa okkur frá einhverju fjöri, tveir karlar sötruðu ól á barnum brátt fyrir að þar væri „kvennakvöld“ samkvæmt auglýsingu. Kannski þær hafi komið seinni!

Enn voru skilyrði til lendingar á Grænlandi slæm að morgni fimmtudagsins 10. ágúst. Við biðum og biðum og eftir að hafa lesið tylft tískutímarita í biðsal flugþjónustunnar rofaði loksnsum. Flugleiðin var fær og við héldum um stað yfir Atlantshafið.

Flugið til Grænlands gekk vel og leiðin inn með suðurfjörðunum og upp til Narsarsuaq var ævintýraleg. Fegurðin sem blasti við okkur var stórkostleg. Ísjakar flutu um stillta firðina og á báðar hendur risu tignarleg fjöllin.

Stoppið á Grænlandi var stutt. Bensíni dælt á tanka, veðrið í Reykjavík kannað og flugáætlun skilað inn.



Á FLUGI Þorvaldur Lúðvík og Jerry Temple brosmildir yfir Atlantshafinu. Mælarnir í stjórnarborðinu skipta tugum og það er í mörg horn að líta þegar flugvél er flogið. FRÉTTABLAÐID/BPS



FLUGLEIÐIN Lagt var af stað frá Orlando að morgni þriðjudagsins 8. ágúst og lent í Reykjavík aðfaranótt föstudagsins 11. ágúst.

#### Komið heim

Klukkan var átta að kvöldi að staðartíma þegar skóðum við lögðum upp í lokaáfanga ferðarinnar. Flogið var upp yfir syðsta hluta Grænlandsjókuls og hrikaleg ísbreiðan skoðuð úr lofti. Sólin var að setjast í vestri og tunglið nánast fullt á austurhimminum. Skáldum hefði eflaust dottið eitthvað gott í hug við þessar aðstæður.

Kúrsinn var svo settur á Ísland og lokaleiðin flogin í myrkri.

Við lentum á Reykjavíkurflugvelli þegar klukkan var farin að ganga tvö um nóttina. 66 tíma ferðalag, þar af fimmtán tímar á flugi, var að baki.

Prátt fyrir smávægileg vandað að borð við rafmagnsleysi og óhagstæð lendingarskilyrði gekk

ferðin eins og best var á kosið. Þorvaldur var ánægður með flugeiginleika vélarinnar og allur tækjabúnadur virkaði sem skyldi. Hristingur var líftil sem enginn en bróðurpart ferðarinnar var flogið í yfir 20 þúsund feta hæð. Þá kom á óvart að auðveldlega var hægt að ræðast við í vélinni en oft er hávaðasamt innandyra í smærri flugvélum.

Það var stórfenglegt að geta virt fyrir sér úr lofti allt það fjlóbreytta landslag sem fyrir augu bar að leiðinni. Fenjasvæðin í Flóríða, skóglendin í Maine og ísjakar og jökullinn á Grænlandi; allt var betta afskaplega tilkomumíkið.

Preyttir ferðalangar lögðust á koddu sína um miðja nótt í Reykjavík, himinlifandi eftir frábært og farsælt ferðalag.

ÚTILJÓS

Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið laugardaga: 11:00 - 16:00

# Stjörnuhrap í Hollywood

Tom Cruise varð fyrir miklu áfalli í þessum mánuði þegar hann var rekinn frá Paramount-kvikmyndaverinu. Freyr Gígja Gunnarsson fór yfir ástæðurnar fyrir brottrekstrinum.

Cruise og Paramount-kvikmynda-verið hafa unnið saman í fjórtán ár en á þeim tíma hefur Cruise vaxið og dafnað sem einn valdamesti leikari í Englaborginni. Ákvörðun Paramount kom þeim sem fylgjast með framgangi stjarnanna þó ekki í opna skjöldu enda hefur leikarinn sýnt á sér nýja hlíd síðastliðin tvö ár. Hegðun sem kvikmyndafyrirtækið telur að sé merki um að Cruise hafi skaðað það og gróðra- von bess en það er jú það sem skiptir öllu máli.

Pegar Tom Cruise var að hefja kynningarferð kvíkmyndarinnar War of the Worlds tilkynnti fjölmölfulltrúi leikarans að hann væri kominn með nýja kærstu, hina efnilegu leikkonu Katie Holmes. Fjölmölar kepptust um að birta myndir af nýja stjörnuparinu en Holmes var þá nýbuin að leika í Batman Begins. Fljóttlega fóru sögusagnir á kreik bess efnis að um markaðsbrellu væri að ræða sem kæmi báðum til góða. Holmes vísaði öllu slíku til föðurhúsanna og sagðist vera yfir sig ástfangin af hinum smávaxna Cruise.

EKKI LEIÐ Á LÖNGU ÞAR TIL HEGÐUN CRUISE VAKTI UPP GRUNSEMDIR UM GEÐHEISLU LEIKARANS. CRUISE KOM FRAM Í EINKAVÍDTALI HJÁ VINKONU SINNÍ OPRUH WINFREY OG ÞAR HOPPAÐI HANN UPP Á SÓFA ÞEGAR HANN TJAÐI ÁST SÍNA Á HOLMES. SVO LANGT GEKK ÞESSI LEIKUR CRUISE AÐ HANN TEYMDI ÁSTKONU SÍNA INN Í SJÓN- VARPSSALINN OG HÉLT HENNÍ ÞAR FASTRI. „ÉG HEF ALDREI SÉÐ ÞÍG SVONA,“ sagði Oprah og heimsbyggðin var á sama máli.

War of the Worlds reyndist ekki



**REDSTONE OG CRUISE** Redstone sagði hegðun Toms Cruise hafa verið listrænt sjálfsmorð og Paramount-kvikmyndaverið treysti sér ekki lengur til að hafa leikarann á sínum snærum.

vera sá smellur sem til stóð en forstjórar Paramount höfðu sín tromp uppi í ermínni, briðju myndina um Ethan Hunt og félaga í Mission: Impossible-genginu.

Öllu var tjaldar til og stórleikarinn Philip Seymour Hoffman var fengin til að leika skúrkinn. Myndin náiði engan veginn þeim hæðum í miðasölu sem vonast hafði verið til prátt yfir að gagnrýndur væru bess fullvissir að nýjasta myndin væri sú besta í röðinni. Mennirnir í jakkafötunum neyddust til að velta upp spurningu sem aldrei áður hafði komið upp á yfirborðið: Trekkti Tom Cruise ekki jafnmikið og áður?


**VÍSINDAKIRKJAN OG BROOKE SHIELDS** Vissulega má segja að allar öfgarnar hjá Cruise í sambandi við ástarævintýri sitt og Katie Holmes hafi komið forsvarsmönnum Paramount spánskt yfir sjónir en

hegðun stjarnanna er ekki alltaf venjuleg. Kvíkmyndafyrirtækið tók hins vegar eftir því að almenningu virtist ekki vera að kaupa „varningin“ sem Hollywood-hjónaband vissulega. Ekki voru enn öll kurl kominn til grafar.

Cruise er ákafur fylgismaður Vísindakirkjunnar og hálfpartið neyddi Holmes með sér í söfnuðinn. Hann hefur haft uppi furðulegar yfirlýsingar um ágæti þessa vafasama trúarhóps og gagnrýndi meðal annars leikkonuna Brooke Shields fyrir að nota þunglyndislyf en sílft samræmist ekki kenningum kirkjunnar. Þá fóru fréttir af fæðingu frumburðar parsins mjög fyrir brjóstíð að mörgum þar sem Cruise lýsti því yfir að Holmes fengi engin lyf og mætti heldur ekki gefa frá sér hljód meðan á fæðingunni stæði. „Barnið þarf að koma inn í heim þar sem því finnst það vera velkomið frekar en það mæti einhverjum öskrum og látum,“ sagði Cruise við fjölmölda.

Paula Wagner, samstarfskona Cruise til margra ára, hefur blásið á allar fullyrðingar fjölmölda um að hegðun Cruise hafi gert útslagið. „Við vildum fara frá Paramount og hlökum til að starfa með öllum kvíkmyndaverunum,“ sagði hún við AP-fréttastofuna.

**SJÁLFSVÍG Í SKÖPUN** Summer Redstone, stjórnarformaður Paramount sagði í yfirlýsingu sem kvíkmyndafyrirtækið gaf frá sér að undarleg hegðun Cruise, svo sem hoppið á sófanum hjá Oprah auk áróðurs hans fyrir Vísindakirkjuni, hefðu verið listrænt og hugmyndafræðilegt sjálfsmorð. Þetta hefði gert það að verkum að



**TOM CRUISE** Hegðun hans vakti mikla athygli fyrr á þessu ári þegar hann hoppaði á sófa Oprah Winfrey og fréttir þess efnis að hann væri ekki með öllum mjalla gengu fjöllum hærra.

miðasalan á síðustu kvíkmynd Cruise hefði dregist saman um fjörutu prósent og velvild í hans garð minnkað um hundrað prósent. Kvíkmyndafyrirtækinu var í raun alveg sama þótt bandaríksa glanstímaritið People hefði kosið Cruise „valdamesta leikarann í Hollywood“. Hann skyldi fara áður en skaðinn yrði enn meiri.

Sjálfur hefur Cruise lítið tjáð sig um málið en lögfræðingur hans, Bertam Fields, segist hafa fundið yfir andúð innan veggja Paramount. „Ég er ansi hræddur um að hann hefði aldrei fengið sann gjarnan samning hjá Paramount,“ lýsti Fields yfir og létt þess getið að Cruise og Wagner hefði verið boðinn nýr samningur sem var mun lægri en áður hafði þekkt. Henry

**PAULA WAGNER** Var sátt við að losna frá Paramount og sagði að það hefði verið að frumkvæði hennar og Cruise.

Schafer, aðstoðarforstjóri markaðsfyrirtækisins Q, sagði að vissulega hefði Cruise glatað einhverju af sínu aðráttaraflí en hann stæði ekki frammi fyrir sömu vandamálum og starfsbóði hans, Mel Gibson, sem létt niðrandi orð falla um gyðinga þegar hann var handtekinn fyrir ölvunararkstur seint í síðasta mánuði.

Fjölmölarýnar vestan hafs eru flestir sammála um að þessar fréttir endurspeglji fyrst og fremst það eitt að hegðun stjarnanna skipti í raun litlu máli nema þegar hún hafi áhrif á söluna. Ef fjölmölfárið í kringum Cruise og Holmes hefði leitt til þess að miðasalan hefði aukist væru allir búinir að gleyma vafasönum yfirlýsingum Cruise um þunglyndi og Vísindakirkjuna. Kvíkmyndaframleiðandinn Peter Guber, sem vann með Cruise við gerð kvíkmyndanna Rain Man og A Few Good Men, sagði Cruise ekki hafa drepið neinn, keyrt ólvaður eða barið konuna sína. „Hann heldur áfram að vera stærsta kvíkmyndastjarna heims.“

## Opið hús í dag á Blómstrandi dögum í Hveragerði, við Birkimörk 2 – 8 milli kl. 13 og 17.



**Glæsileg 155 fm raðhús, 3-5 herbergja með bílskúr sem skilast fullbúin án gólfefna. Baðherbergi, þvottahús og anddyri flísalagt.**  
Verð frá 26.9 milljónum

**Byggingaraðili Byggbræður ehf.**  
Upplýsingar í sima 898-6174 Helgi eða 899-6985 Sveinn



Dæmi um innraskipulag

- Frágenginn garður
- Sólpallur
- Upptekin loft
- Gólfhitri
- Glæsilegar innréttningar
- Glæsileg baðherbergi
- Tæki frá AEG

# BT AFTUR

## ískolann

Á tvöföldum hraða!

OPÍÐ TIL  
22:00  
ALLA DAGA  
í BT SKEIFUNNI

24.000  
LÆKKUN



VAXTALAUST  
1.GREIÐSLA 1.OKT.

• 4.440 \*\*

4.440

9.999

119.988

Staðgreitt

• 143.988

TILBOÐ MED  
TÖLVUMI

9.999

14.999



A TÖLVA  
Á ótríulegu verði

Intel Celeron M

ATI ATI X200

Práðlaust net

Tengi við 2 skjái

Kortalesari

**TOSHIBA**



celeron

TOSHIBA A100

Intel® Celeron M 360J  
512MB DDR Minni (Mest 2GB)  
40GB S.M.A.R.T. Harður diskur  
15,4" WXGA skjær (1280 x 800 upplausn)  
ATI Radeon® Xpress 200M  
DVD Super Multi brennari  
FireWire - DV Ready  
Práðlaus netstýring 802.11BG  
Windows XP Home  
2 ára alþjóleg abyrðg á vinnu og varahlutum

20  
ÅR  
TOSHIBA

Takmarkað  
MAGN

15,4"

40GB harður diskur

512MB vinnsluminni



VAXTALAUST  
1.GREIÐSLA 1.OKT.

• 3.460 \*\*

3.460

7.499

89.988

Vaxtalaust 12 mán.

Staðgreitt

Mæð fyrirvara um prentvillur, myndbrennig og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

BAT:UK-N6EA506-A1

FSC AMILO A1650G  
AMD Turion 64 ML32 1.8GHz  
15,4" WXGA Widescreen TFT  
-with CrystalView Technology  
ATI Mobility Radeon X200 Graphics  
1GB Vinnsluminni  
100GB Harður diskur  
DVD skrifari - Dual Layer  
Innbúgt práðlaust netkort

AMD 64

ATI ATI X200

DV Ready

Práðlaust net

Tengi við 2 skjái

Kortalesari

Alvöru  
SKJÁKORT  
í leikina

Vælilegur tilboður í BT  
Með minnaðargreiðslu 4,8 mánuða  
Tilvirkjapalinn V 1,5 Umókin er af greiðslu  
á stórhæð.



MasterCard

WPS

FireWire

DV

Ready

Net

# BYLGJAN

.....  
**20 ÁRA**

## DAGSKRÁ BYLGJUNNAR 26.-28. ÁGÚST

### Laugardagur 26. ágúst

- 9-12 Gulli Helga og Jón Axel Ólafsson
- 12-16 Helgi Rúnar Óskarsson ásamt gestum
- 16-18.30 Valtýr Björn og Sigurður Hlöðversson

### Sunnudagur 27. ágúst

- 9-12 Valdís Gunnarsdóttir og Einar Sigurðsson,  
fyrsti útværpsstjóri Bylgjunnar
- 12-16 Margrét Hrafnssdóttir ásamt gestum
- 16-18.30 Pétur Steinn Guðmundsson

### Mánudagur 28. ágúst

- 9-12 Páll Þorsteinsson og Valdís Gunnarsdóttir
- 12-16 Anna Björk Birgisdóttir og Ívar Guðmundsson
- 16-18.30 Steingrímur Ólafsson, Þorgeir Ástvaldsson  
og Kristófer Helgason

# Afmælishátíð Bylgjunnar dagana 26.-28. ágúst

Fyrir 20 árum var brotið blað í sögu fjölmíðunar á Íslandi. Bylgjan fór í loftið þann 28. ágúst árið 1986, fyrst frjálsra ljósvakamiðla. Bylgjan heldur í því tilefni þriggja daga afmælishátíð frá laugardegi til mánudags. Útvarpsraddir Bylgjunnar frá árdögum til dagsins í dag, munu stýra dagskránni sem uppfyll er af heimsóknum frá landsins skemmtilegasta fólk og bestu skemmtirkröftum Íslands. Einnig verða rifjuð upp skemmtilegustu augnablikin úr 20 ára sögu Bylgjunnar.

## FJÖLSKYLDUBALL Í VETRARGARDÍNUM SMÁRALIND Í DAG KL. 15

Bylgjan stendur fyrir dansleik fyrir alla fjölskylduna í dag, laugardag sem hefst kl. 15.00. Þar mun Sálin hans Jóns míns leika fyrir dansi, Bréf Sunna, Gunni og Felix og Snorri Idol stíga á svið, ásamt atriði úr Footloose. Skemmtanastjóri er Ívar Guðmundsson. Bylgjublöðrur fyrir þá sem vilja, stóra sem smáa.

## FJÖLSKYLDAN Í LOFTINU ÁSAMT BYLGJUNNI Í DAG KL. 17

Í dag, laugardag kl. 17.00 ætlar Bylgjan með hjálp hlustenda að slá Íslandsmet í fjölda flugdreka á lofti samstundis. Bylgjan býður hlustendum upp á ókeypis Bylgju-flugdreka sem hægt er að nálgast í NESTI á ESSO- stöðvum í Reykjavík. Fyrstir koma fyrstir fá. Hlustendur setja Bylgjudrekana á loft og geta þeir sem eru með flugdrekaná á lofti kl. 17.00 átt von á heimsókn frá Bylgjanni með veglega vinninga.

## HLUSTENDABALL Á NASA

Í kvöld, laugardaginn 26. ágúst, verður hlustendaball á NASA þar sem Todmobile leikur fyrir dansi. Miðaverð verður aðeins 989 kr. í forsölu á NASA en 1.500 kr. við innganginn. Húsið opnar á miðnætti.

## BYLGJAN.IS

Á bylgjan.is er hægt að nálgast allar upplýsingar um uppákomur Bylgjunnar. Hlustendur eru hvattir til að senda bréf á [bylgjan@bylgjan.is](mailto:bylgjan@bylgjan.is) með óskum um uppáhalds augnablikið á Bylgjanni.

Fylgstu með afmælishátíð Bylgjunnar á sjónvarpsstöðinni Sirkus og á [bylgjan.is](http://bylgjan.is).

**BYLGJAN**  
989

# SONY

Betra hljóð & betri mynd  
en þú átt að venjast



Engar spölur,  
minniskort eða diskar.

**DCR-SR90**  
3 Megapixla CCD myndflaga  
Built-in 30GB HDD  
Carl Zeiss Vario Sonnar T\* linsa  
10x Aðdráttur um linsu  
2.7" Breiðtjalds LCD Snertiskjár  
5.1 rása hljóðupptaka með innbyggða  
Hljóðnemanum  
Flass  
Fallvörn sem ver harðadiskinn  
One Touch DVD Burn  
Easy PC HDD back-up

Carl Zeiss Linsa

30GB Harður Diskur

5.1 Hljóðupptaka

**10.999,-** á mánuði vaxtalaust  
131.988,- staðgreitt

Auka hleðslutæki, auka rafhlaða og taska að verðmæti 12.950,- fylgir



**DCR-HC35**  
800.000 pixla CCD myndflaga  
CarlZeiss Vario-Tessar linsa  
20x Aðdráttur um linsu  
2.5" LCD Snertiskjár  
Einfaldur 'Click to DVD' hugbúnaður  
iLINK (DV INN/UT)  
Fjarstýring & tengistöð fylgja

Carl Zeiss Linsa

20x Aðdráttur um linsu

Click to DVD

**5.399,-** á mánuði vaxtalaust  
64.788,- staðgreitt

Auka hleðslutæki, auka rafhlaða og taska að verðmæti 12.950,- fylgir

\*Myndflaga og gildið með því að þú myndflaganum yfir semningsstínum.

Samkvæmt þessari grein nota systkini undir sjó ára aldri þrjá tímá á dag í slagsmál og rifrildi við hvort annað.

**Aukahlutapakki**  
BC-TRP hleðslutæki  
NP-FP50 hleðslurafhláða  
Taska fyrir myndbands-tökuvél

You make it a Sony

[www.sonycenter.is](http://www.sonycenter.is)

Sony Center Kringlunni

## FRÉTTABLAÐIÐ

### STUÐ MILLI STRÍÐA Spillandi eftirvænting

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR LÆTUR SÉR STANDA Á SAMA



Eftirvænting getur verið mjög spillandi ástand. Þegar við biðum spennit eftir tilteknum atburði magnast upp eftirvætingin og svo loks þegar við stöndum frammí fyrir framkvæmdinni bá jafnast raunveruleikinn ekkert á við ýkta og stórbrotna dagdrauma okkar.

Þessu til stuðnings get ég sagt ykkur frá kaffibollanum sem ég drakk hjá vinkonu minni á júróvisjónkvöldi síðasta vor. Ætlunin var einmitt sú að drekka einn kaffi og segja eina slúðursögu meðan júrópopparar þöndu raddböndin.

Engar sérstakar væntingar voru gerðar til kvöldins aðrar en þær að mjólk væri til í kaffið. Einhverra hluta vagna þróuðust málín bó þannig að ég kom heim klukkan fimm að morgni með kanínueyru á höfðinu, bros út að eyrum og brotinn skóhæl. Já það margt sem getur leitt af einum kaffibolla. Annað dæmi var saklaus hittingur heima hjá mér. Fyrst ætlaði ein vinkona að koma og svo bættist önnur við og áður en við vissum af vorum við örðin sjó og söngluðum blús með frjálsri aðferð fram eftir kvöldi nágrönnunum til nokkurrar laglausrar gremju.

Allir þekkja hina miklu eftirvæntingu sem ríkir fyrir skemmtanahöldum á gamlárskvöld sem

iðulega bregst vonum og þrám. Flestir fara inn í nýtt ár í tómlegu partí í eða skjálfandi úr kulda í leit að leiguból. Eftirvænting er oftast skemmtilegri en kvöldið sjálf.

En speki míin um spillandi eftirvæntingu á ekki aðeins við um djamm og djúseri. Við verðum að passa okkur á að gera ekki af miklar kröfur til lífsins, því fátt getur staðist samanburð við rósrauda eftirvæntingu dagdraumanna eða kröfur okkar til hamingjunnar. Lykillinn að góðu lifi er víst að vera temmilega kærulaus og reyna eftir bestu getu að láta sér standa á sama um útkomuna. Takist manni það þá er lífið alltaf að koma manni á óvart. Góða helgi.

### myndasögur

#### Pondus

Peim tókst nær alveg að endurskapa galdur bókarinnar! Maður hlýtur að hafa ákveðnar væntingar eftir að hafa lesið Hringadröttinsögu nokkrum sinnum, en það passar allt.



Fróði, Bilbo og allt heila klabbbið, og maður finnur fyrir hinu illa afli Sauron alla myndina! Alger gæsahúð!



Ég get varla  
þeidið eftir  
næstu mynd!  
Hvað með  
þig?



Eftir Frode Øverli

Fór hún?

Eins og  
hrossabresti  
væri veifað!



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

#### Gelgjan

Af hverju  
komstu  
hingað?



Pabbi missti  
vinnuna svo við  
urðum að flytja.

En skólinn er svalur  
af skóla að vera.



Ágætis  
matur.

Fínir  
tónlistartímar.

En það  
besta er...

Sætar stelpur?



Engin málm-  
leitartæki.

Eftir Tony Lopes

#### Handan við hornið



#### Kjölturakkar

Þvílikur dagur!  
Ég er orðinn  
sársvangur eftir  
allt erfiðið!



Hvað  
gerðirðu?



Ég eyddi deginum  
í að sníkja mat af  
nágrönnunum.

Eftir Patrick McDonnell

#### Barnalán

Samkvæmt þessari grein nota  
systkini undir sjó ára aldri þrjá  
tímá á dag í slagsmál og rifrildi  
við hvort annað.



Þrjá tímá  
á dag?



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Það er bara  
upphitun fyrir  
þykkur tvö.

Hvað gera þessi  
börn afganginn af  
deginum?



ÚTVÖRP  
HJÓMBORD  
HEYRNARTÓL  
DVD SPILARAR  
PLASMA SJÓNVÖRP MP3 SPILARAR  
SJÓNVÖRP LCD SJÓNVÖRP  
MYNDAVÉLAR BÍLTÆKI  
FERDATÆKI BÍLMAGNARAR  
SÍMAR BÍLHÁTALARAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 700 VÖRUTEGUNDIR MED ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR  
LOKADAGUR  
ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM  
ÚTSÖLUNNI LÝKUR  
Í DAG

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!



Heimilistæki

[www.ht.is](http://www.ht.is)

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN  
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exdo  
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFROST Whirlpool

!

**KI. 20.00**

Operutónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands undir berum himni í Listagilinu. Fimm einsöngvarar flytja ásamt hljómsveitinni óperutónlist úr mörgum af helstu óperum tónbókmennitanna undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.

## Annars staðar á Akureyri

Sýningin ÚTI/UTE/OUT er opnuð í Gallerí + í dag á áregrí Akureyrarvöku. Listakonurnar Hrafnhildur Halldórsdóttir, Jóna Hlíf Halldórsdóttir og Stina Wirfelt standa að sýningunni en hugmyndin að henni vaknaði þegar listakonurnar hittust í Glasgow þar sem þær stunduðu nám við Masters-deildina í Glasgow School of Art.

Til sýnis eru videóverk, ljósmyndir og innsetningar. Titill sýningarinnar visar í sameiginlega tilfinningu þess að vera „annars staðar“ frekar en í tiltekin verk á sýningunni. Stendur til að þetta sýningin ferðist bæði til Malmö og Glasgow eftir að henni er lokið á Akureyri.

